



Fjöltyngd skrif á Íslandi: Tækifæri, áskoranir og stuðningur stofnana

Höfundar: Ewa Marcinek, Anna Valdís Kro, Christopher Marcatili, Lara Hoffmann

Ós Pressan
Reykjavík 2026

ISBN 978-9935-9795-2-0



1. Inngangur.....	3
2. Bakgrunnur.....	4
3. Aðferðafræði.....	5
4. Núverandi staða og samhengi.....	6
Útgáfustarfsemi.....	7
Óformleg tengslanet og stuðningur frá staðbundnum höfundum og þýðendum.....	10
Hvað er íslenskur rithöfundur?.....	10
Bókmenntastefna.....	12
Námskeið í boði.....	13
VV-sögur og ÍTM.....	14
Tækifæri til að deila skrifum.....	16
Styrkir og stuðningur stofnana.....	17
Sýnileiki og birtingarmyndir.....	23
Grasrótarstarf og hagsmunagæsla.....	25
5. Sjónarmið hagsmunaaðila.....	26
Tungumál og tilfinningar.....	27
Innviðir fyrir rithöfunda af erlendum uppruna.....	28
Félagsleg tengslanet fyrir rithöfunda af erlendum uppruna.....	30
Tækifæri á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið.....	31
Stafræn tengslanet.....	31
Hvað eru íslenskar bókmenntir?.....	32
Nám í gegnum bókmenntir.....	33
Málstefna og stjórn málaumræða um tungumál.....	34
6. Þarfir og vankantar.....	34
7. Tillögur.....	36
8. Niðurstöður.....	37
Heimildaskrá.....	40
Skilmálar.....	45

1. Inngangur

Bókmenntir og tungumál gegna einstaklega mikilvægu hlutverki í íslenskri menningu og eru meginstoðir þjóðarvitundar. Þessa mikilvægu sögu má rekja til meira en þúsund ára gamallar frásagnarhefðar, eða allt til tímans fyrir landnám Íslands. Þessi frásagnarhefð hefur haldist óslitin í gegnum Íslandssöguna. Bæði ritun sagna og annars efnis og viðleitni til að varðveita tungumálið hafa gert það að verkum að nútímaíslenska er nátengd rótum sínum, sem ná aftur til miðalda.

Þessi arfleifð er enn mikilvæg í dag og sést til að mynda á þeim einstaka sess sem bækur skipa í samfélaginu. Ísland er meðal þeirra þjóða heims sem kaupa flestar bækur á mann og einnig má nefna jólabókaflóðið fjölmarga bókmenntaviðburði og ótrúlega virka og fjölbreytta útgáfustarfsemi. Þar sem íbúasamsetning Íslands hefur orðið æ fjölbreyttari á síðustu tveimur áratugum stendur þetta hefðbundna bókmenntalandslag frammi fyrir nýjum tækifærum og áskorunum. Vaxandi fjöltyngdur íbúafjöldi landsins ber með sér eigin tungumálahefðir, sem og nýjar skapandi raddir sem auka fjölbreytni innan íslenskrar bókmenntasenu. Þessi breyting hefur vakið upp spurningar og áskoranir komið í ljós varðandi inngildingu, birtingarmyndir tungumálsins og hlutverk þess í einlægri og skapandi tjáningu. Reynsla fjöltyngdra rithöfunda er jafn fjölbreytt og rithöfundarnir sjálfir og margir þeirra lýsa yfir ást á því að skrifa á íslensku og að þeir upplifi valdeflingu þegar þeir telja sig geta gert það. Samt sem áður lýsa mörg þeirra sem skrifa einnig yfir verulegum hindrunum við að læra tungumálið eða löngun til að viðhalda tengslum annaðhvort við móðurmál sitt eða önnur tungumál sem þau kjósa að skrifa á.

Í þessari skýrslu eru skoðuð nokkur af þeim tækifærum og áskorunum sem fjöltyngd skrif standa frammi fyrir á Íslandi um þessar mundir. Hún byggir á viðtölum við fjöltyngda höfunda sem nú búa á Íslandi eða hafa veruleg tengsl við landið og kannar þau tækifæri sem þessir höfundar hafa getað nýtt sér, þar á meðal ritlistarnámskeið, útgáfutækifæri, tengslamyndun og stafræna tækni. Einnig eru áskoranir sem tengjast útgáfu ræddar og erfiðleikar við að ná tengslum við bókmenntasamfélagið, auk þess sem við skoðum tækifæri sem fjöltyngi hefur upp á að bjóða í tengslum við menntun og uppbyggingu samfélagsins.

Skýrslan hefst á bakgrunnsupplýsingum, auk yfirlits yfir hlutverk Ós Pressunnar á íslenskri bókmenntasenu og við framkvæmd rannsóknarinnar. Því næst er aðferðafræðin útlistuð og útskýrt hvernig gögnum var safnað frá ellefu sérfræðingum í tungumálum og bókmenntum sem vinna með fjöltyngi, þar á meðal höfundum, rannsakendum, fræðimönnum, kennurum og verkefnastjórum. Þá eru núverandi samhengi og fræðileg yfirferð útlistuð. Greiningin er sett fram í formi sjónarhorna hagsmunaaðila og byggir á vandlega umrituðum viðtölum. Að lokum er bent á þá vankanta, hvað varðar málefnið, sem greindir voru og tillögur til umbóta settar fram.

2. Bakgrunnur

Í þessari skýrslu er hugtakið *fjöltýngd skrif* notað sem regnhlífarhugtak yfir skrif og skapandi málbeitingu er ögra þeirri hugmynd að upprunastaður, móðurmál og ríkjandi tungumál samfélagsins fari saman. Þegar við ræðum um *fjöltýngda rithöfunda* beinum við sjónum að höfundum (1) sem semja og gefa út eða deila opinberlega bókmenntaverkum á fleiri en einu tungumáli; eða (2) sem sækja í mörg tungumál og málhefðir í skrifum sínum; eða (3) sem búa að fjöltýngdri sjálfsmýnd sem mótar verk þeirra og þá tilfinningu að tilheyra innan skapandi umhverfis, bókmenntalífs og útgáfustarfs. Okkar skilningur á fjöltýngdum skrifum er ekki að þau séu bókmenntagrein eða flokkur, heldur nálgun á skrif sem endurspeglar fjölbreyttan menningarbakgrunn, fjölbreytta reynslu og fjöltýngda málvitund.

Á undanförnum árum hefur þessi nálgun á skrif orðið sýnilegri hluti af íslensku bókmenntalandslagi og kynnt til sögunnar nýjar raddir og sjónarhorn. Þótt einstaka erlendir höfundar hafi búið á Íslandi á liðnum öldum – eins og þýski rithöfundurinn Albert Daudistel (1890–1955) sem var hér í útlegð – hefur tilvist fjöltýngdra skrifa orðið augljósari á tuttugustu og fyrstu öldinni. Útgáfa ljóðasafnsins *Fimmta árstíðin* (2007) eftir Toshiki Toma og *Sjóarinn með morgunhestana undir kjólum* (2010) eftir Elías Knörr markaði upphaf stöðugs og vaxandi straums bóka, viðburða og verkefna sem beina sjónum að höfundum sem eru fæddir erlendis og búa á Íslandi.

Frá því að Reykjavík var útnefnd Bókmenntaborg UNESCO árið 2011 hefur Bókmenntaborgin gegnt lykilhlutverki sem stofnun í að efla fjöltýngda bókmenntasenu Íslands með listrænum frumkvöðlaverkefnum, styrkjum og tækifærum. Ein mikilvægasta birtingarmynd þessa framtaks – í samvinnu við Samtök kvenna af erlendum uppruna (WOMEN) á Íslandi og Borgarbókasafnið – var stofnun Ós Pressunnar, fjöltýngds bókmenntafélags og útgáfufyrirtækis. Þessi óhagnaðardrífna félagasamtök voru stofnuð af fjölbreyttum hópi kvenna sem tóku þátt í vinnusmiðju um fjöltýngd skrif undir leiðsögn Angelu Snæfellsjökuls Rawlings, kanadísk-íslensks þverfaglegs listamanns og rannsakanda. Ós Pressan var sett á laggirnar árið 2015 og hefur lagt sitt af mörkum til íslenskrar bókmenntasenu síðasta áratuginn með fjölmörgum bókmenntaviðburðum, en einkum með útgáfu Ós – *The Journal*, fjöltýngds safnrits með skrifum frá Íslandi, auk fjögurra bóka eftir höfunda af erlendum uppruna, þær Helenu Hafgný Cova, Ewu Marcinek, Virginíu Gillard og Maó Alheimsdóttur.

Með auknum sýnileika erlendra höfunda sem búa á Íslandi hefur umræðan um fjölbreyttar bókmenntir fengið nýja vídd. Að þessu hafa fjölmargar útgefnaðar bækur stuðlað, auk greina, ritgerða og ljóðasafna sem innihalda ekki aðeins verk eftir erlenda höfunda heldur taka einnig á

þemum á borð við það að tilheyra og sjálfsmynd¹. Um mitt ár 2020 var umfjöllun um erlenda höfunda orðin mun eðlilegri þáttur af umræðu í íslenskum fjölmiðlum, á bókmenntaviðburðum, í tengslum við bókmenntasamkeppnir og á hátíðum.

Árið 2020, að frumkvæði Önnu Valdísar Kro, tók Ós Pressan sér fyrir hendur verkefni sem snéri að annars konar fjöltyngi í bókmenntum. Á árunum 2020 til 2023 var boðið upp á fjórar vinnusmiðjur í gerð VV-sagna (e. visual vernacular) – undir leiðsögn Ós Pressunnar og Elsu G. Björnsdóttur – þar sem þátttakendum altalandi á íslenskt táknmál (ÍTM) gafst sjaldgæft tækifæri til að kynna sér skapandi frásagnir með því að nota líkamstjáningu, svipbrigði, hlutverkaskipti og takt. Smiðjurnar vörpuðu einnig ljósi á mikilvægar spurningar varðandi rými, stuðning og tækifæri til sköpunar á ÍTM innan samfélags heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Eftir að hafa orðið vitni að og lagt okkar af mörkum til þess að fjöltyngdar bókmenntir séu til staðar á Íslandi, sem og í ljósi tíu ára afmælis Ós Pressunnar, ákváðum við að draga saman reynslu okkar og safna viðeigandi gögnum um þau tækifæri og þær áskoranir sem fjöltyngd skrif á Íslandi fela í sér auk þess að draga saman hlutverk og mikilvægi fjöltyngdra skrifa sem tækis til að nota í kennslu og til að efla félagsleg tengsl. Þessi skýrsla hefði ekki verið möguleg án stuðnings Erasmus+ áætlunarinnar og er hún hluti af samstarfsverkefninu *Multilingual Writing LAB* sem unnið var með Red Door, sjálfstæðu gallerii, skapandi rými og útgáfufyrirtæki í Danmörku, sem framkvæmdi viðbótarrannsóknir og gaf út samsvarandi skýrslu. Niðurstöður dönsku og íslensku skýrslanna hafa auk þess verið bornar saman og má finna samantekt þeirra í sérstöku skjali. Nánari upplýsingar um *Multilingual Writing LAB* og rannsóknarniðurstöður þess má finna á www.nomulab.com.

3. Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar var tvíþætt. Á fyrsta stigi var framkvæmd heimildarannsókn til að finna, staðsetja og greina skjöl, vefsíður og annað efni sem skiptir máli þegar fjallað er um fjöltyngd skrif á Íslandi. Efnið inniheldur meðal annars þingskjöl og vefsíður menntastofnana auk ritrýndra greina og skýrslna um útgáfustarfsemi á Íslandi, stöðu höfunda af erlendum uppruna innan hennar og skapandi tækifæri fyrir þau sem tala ÍTM. Annað stig rannsóknarinnar fólst í að taka ellefu hálfopin viðtöl við viðeigandi hagaðila á Íslandi, þar á meðal verkefnastjóra, kennara og fræðafólk (t.d. ritlistarkennara og háskólaþólk), auk höfunda af erlendum uppruna sem búa á Íslandi. Viðtölin voru á bilinu 30 mínútur til klukkustund að lengd og byggðu á viðtalsramma sem þróaður var af rannsakendunum sem tóku þátt í verkefninu. Fyrir viðtölin voru

¹ Ljóðasafnið *Pólifónía af erlendum uppruna* (2021) og ritgerðasafnið *Skáldreki* (2023) má nefna sem dæmigerðar útgáfur.

Þátttakendur beðnir um að undirrita upplýst samþykki þar sem tilgangur rannsóknarinnar, hvernig gögn þeirra yrðu notuð og réttindi þeirra voru útskýrð. Viðtölin voru tekin af meðlimum rannsóknarteymisins á ensku, íslensku eða ÍTM. Eftir viðtölin skrifaði viðkomandi rannsakandi stutta samantekt um viðtalið með viðeigandi tilvitnunum. Þessum skýrslum, ásamt upptökum af öllum viðtölum, var deilt með meðlimum rannsóknarteymisins. Þegar það var mögulegt var sjálfvirkum umritunum af viðtölunum, sem útbúin voru af smáforritum sem notast var við til að taka viðtölin upp, einnig deilt með öðrum meðlimum rannsóknarteymisins. Rannsakendur greindu efnið með því að lesa umritanirnar og hlusta á upptökurnar og greindu þannig þau umræðuefni sem komu oft fram í viðtölunum auk þess að draga fram atriði þar sem þátttakendur voru bæði sammála og ósammála.

4. Núverandi staða og samhengi

Samfélagið á Íslandi verður sífellt fjölbreyttara. Í janúar 2025 voru innflytjendur – fólk fætt erlendis sem á erlenda foreldra og erlenda afa og ömmur – 73.795 talsins eða 18,9% þjóðarinnar, sem er aukning úr 18,2% frá fyrra ári. Einstaklingum af annarri kynslóð innflytjenda, sem eru fæddir á Íslandi og eiga foreldra sem eru innflytjendur, fjölgaði úr 7.351 árið 2024 í 7.839 árið 2025. Samanlagt eru innflytjendur af fyrstu og annarri kynslóð nú 21% þjóðarinnar, sem er hæsta hlutfall sem mælst hefur. Einstaklingar með erlendan bakgrunn, þ.e. eiga eitt foreldri sem er fætt erlendis, voru 7,3% ([Hagstofa Íslands, 2025](#)).

Pólverjar eru langstærsti hópur innflytjenda á Íslandi og telja 31,1% allra innflytjenda. Næst á eftir koma Úkraínnumenn (5,6%) og Litháar (5,2%) ([Hagstofa Íslands, 2025](#)).

Íslenska, sem 93,2% þjóðarinnar tala, og íslenskt táknmál (ÍTM), sem er móðurmál um 300 einstaklinga, eru opinber tungumál á Íslandi. Enska tala 98% og önnur algeng erlend tungumál eru danska, norska, sænska, franska, þýska og spænska. Tungumál innflytjenda eru pólska (töluð af 2,74% þjóðarinnar), litháíska (0,43%), enska (0,32%), þýska (0,31%), danska (0,31%), portúgalska (0,28%), filippseyska (0,24%), taílenska (0,17%), lettneska (0,14%) og önnur (1,89%) ([Wikipedia, 2025](#)). Nemendum með erlent móðurmál í grunnskólum hefur fjölgað jafnt og þétt. Haustið 2023 voru þeir 15,5% allra nemenda ([Hagstofa Íslands, 2024](#)). Þessi vaxandi fjölbreytni í tungumálum hefur einnig aukið eftirspurn eftir aðgengi, sem hefur leitt til þess að margar opinberar vefsíður, upplýsingaþjónustur og stafræn svæði fyrir almenning bjóða upp á efni á ensku og í sumum tilfellum pólsku.

Innflytjendur á Íslandi eiga lagalegan rétt á túlkun á lykilsviðum eins og í heilbrigðisþjónustu, í samskiptum við lögreglu og fyrir dómstólum, þar sem stofnanir bera almennt ábyrgð á að útvega túlk og greiða kostnað. Túlkun er einnig oft veitt í skólum, félagsþjónustu og annarri opinberri

þjónustu til að tryggja aðgengi, þó að greiðslufyrirkomulag geti verið mismunandi eftir stofnun, tegund þjónustu eða sérstökum aðstæðum.

ÍTM er eitt af mörgum táknmálum í heiminum. Táknmál eru ekki alþjóðleg heldur þróast þau af sjálfu sér þegar heyrnarlausir eiga samskipti sín á milli. Það þýðir að ÍTM, eina lögbundna minnihlutamálið á Íslandi, var búið til af samfélagi heyrnarlausra (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, e.d.). Árið 2011 var ÍTM viðurkennt með lögum sem fyrsta mál, sem tryggir þeim sem reiða sig á það – ásamt fjölskyldum þeirra – rétt til að læra og nota það frá fyrstu stigum málþroska eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða dauðblindi er greind. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á að rækta og styðja við tungumálið (Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, 2011).

Heyrnarlausir á Íslandi fá nú ókeypis túlkþjónustu á ÍTM í flestum daglegum aðstæðum og er myndsímatúlkun algengasta leiðin til að fá aðgang að þjónustu og sinna erindum. Hins vegar nær lagalegur réttur til túlks ekki enn til allra sviða daglegs lífs, svo sem vinnustaða, tómstunda og menningarviðburða. Áskoranir fyrir notendur ÍTM eru meðal annars takmarkað fjármagn til túlkþjónustu í daglegu lífi og takmarkað framboð frá Ríkisútvarpinu (RÚV). Þörf er á meira menningarefni á ÍTM til að auka vitund almennings og styðja við málþroska heyrnarlausra og heyrnarskertra barna, þar á meðal barna heyrnarlausra foreldra (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, 2021).

Hvernig endurspeglast þessi vaxandi fjölbreytni í bókmenntalífi, menntun og tækifærum til fjöltyngdra skrifa á Íslandi? Í þessum kafla verður fjallað um útgáfustarfsemi, stuðning í formi styrkja og stuðning stofnana, menntun, menningarstefnur og rými til að deila fjöltyngdu efni, þar á meðal stöðu skapandi tjáningar í formi VV-sagna og stöðu ÍTM.

Útgáfustarfsemi

Bókaútgáfa á Íslandi er afar virk og fjölbreytt og einkennist af fjölda smárra og óháðra útgefenda. Á vefsíðu Rithöfundasambands Íslands eru talin upp 37 útgáfufyrirtæki (flest með aðsetur í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu). Þessi listi er þó ekki tæmandi. Samkvæmt Bókatiðindum 2024 gáfu að minnsta kosti ellefu aðrir útgefendur eða sjálfsútgáfur út skáldsögur það árið. Hvað ljóðlist varðar eru í sama hefti sex útgefendur til viðbótar og tvær sjálfsútgáfur þrátt fyrir fjölbreytni er útgáfumarkaðurinn að mikluleyti undir yfirráðum stóra aðilans, Forlagsins, sem stjórnar verulegum hluta prentaðrar bókaútgáfu undir nokkrum merkjum, svo sem JPV og Mál og menning.

Á síðustu tveimur áratugum hafa rithöfundar af erlendum uppruna orðið sýnilegri í íslenskri útgáfustarfsemi. Þessi þróun hófst með sjálfsútgáfunni *Fimmta árstíðin* (2007) eftir Toshiki

Toma og ljóðabókinni *Sjóarinn með morgunhestana undir kjólnum* (2010) eftir Elías Knörr sem Stella gaf út. Síðan þá hafa nokkrar staðbundnar útgáfur gefið út verk eftir ljóðskáld og aðra höfunda af erlendum uppruna.

Ef útgáfustarfsemin er skoðuð út frá tungumáli og útgáfustað falla höfundar af erlendum uppruna á Íslandi í fjóra meginflokka, sem hver um sig endurspeglar ólík tengsl við tungumál, landafræði og útgáfuhætti.

Fyrsti hópurinn samanstendur af útgefnum rithöfundum sem hafa náð valdi á íslensku sem öðru máli og semja frumsamin bókmenntaverk á staðbundnu máli. Sem dæmi má nefna Elías Knörr (útg. Partus, Benedikt, Mál og menning og Stella], Helenu Hafgný Cova (útg. Ós Pressan og Karíba), Jakub Stachowiak (útg. Dimma, Páskaeyjan og Sæmundur útgáfa), Maó Alheimsdóttur (útg. Ós Pressan og Forlagið) og Natöshu S. (útg. Benedikt og Una útgáfuhús).

Annar hópurinn samanstendur af höfundum sem skrifa á öðrum tungumálum og eru verk þeirra þýdd yfir á íslensku. Helstu dæmi eru Ewa Marcinek (útg. JPV), Francesca Cricelli (útg. Sagarana, Dimma og Mál og menning), Helen Hafgnýr Cova (útg. Ós Pressan og Karíba), Joachim Schmidt (útg. Mál og menning) og Mazen Maarouf (útg. Dimma og Mál og menning).

Þriðji hópurinn, sem er fámennari en ekki síður mikilvægur, samanstendur af rithöfundum sem skrifa og gefa út á öðrum tungumálum en íslensku á meðan þeir búa og starfa á Íslandi. Meðal þeirra eru Ewa Marcinek, Helen Hafgnýr Cova og Virginia Gillard – sem allar hafa gefið út hjá Ós Pressunni, en Helen hefur einnig gefið út hjá Karíbu.

Að lokum er til óljósari hópur höfunda af erlendum uppruna sem búa á Íslandi – eða höfunda sem halda sterkum tengslum við landið – en bókmenntaverk þeirra eru aðallega gefin út erlendis, auk nokkurra verka sem gefin hafa verið út hér á landi í íslenskri þýðingu. Þótt erfiðara sé að finna tölulegar upplýsingar um þennan hóp má nefna að í honum eru til dæmis Angela Snæfellsjökuls Rawlings (upprunalega frá Kanada), Anne Carson (Kanada), Eliza Reid (Kanada), Francesca Cricelli (Brasilíu), Joachim B. Schmidt (Sviss), Leslie Schwartz (Bandaríkjunum), Mazen Maarouf (Líbanon), Satu Rämö (Finnlandi), Sofie Hermansen Eriksdatter (Danmörku) og Vilja-Tuulia Huotarinen (Finnlandi).

Þessi dæmi sýna hinn flókna og margþætta tungumálafjölbreytileika, sem og hið sibreytilega og marglaga bókmenntalandslag sem mótast af röddum innflytjenda og fjöltyngdra á Íslandi.

Meðal útgefenda hafa nokkrir tekið meðvituð skref til að vinna með fjöltyngi og styðja við höfunda af erlendum uppruna.

Ós Pressan, stofnuð árið 2015 af fjölmennningarlegum hópi kvenrithöfunda og studd af Bókmenntaborginni, er fjöltyngt samfélag rithöfunda og útgáfufyrirtæki. Í mars 2026 höfðu

komið út sex tölublöð af safnritinu *Ós – The Journal*, sem inniheldur fjöltyngd skrif frá Íslandi, auk fjögurra bóka eftir höfunda af erlendum uppruna sem búa á Íslandi. Verkin eru gefin út í blöndu af frummálum og þýðingum.

Sagarana editora forlag, stofnað árið 2014 af þýðandanum Luciano Dutra og starfandi til 2021, var fjöltyngd útgáfa sem sérhæfði sig í útgáfu og þýðingum milli norrænna og rómanskra tungumála, með sérstakri áherslu á íslensku og brasilíska portúgölsku. Luciano Dutra, stofnandi og eigandi forlagsins – og handhafi Orðstírs, heiðursverðlauna fyrir þýðingar á íslenskum bókmenntum yfir á erlent tungumál – hélt um árabil úti Facebook- og Instagram-síðum undir heitinu „Um poema nórdico ao dia“ (Eitt norrænt ljóð á dag), þar sem hann þýddi norræn ljóð yfir á portúgölsku.

Karíba útgáfa, stofnuð árið 2022 af íslensk-venesúelska höfundinum Helenu Hafgný Cova, er helguð því að færa suður-amerískar bókmenntir til íslenskra lesenda og gefa út íslenskar bókmenntir á spænsku. Útgáfubækur hennar – sem ætlaðar eru bæði fullorðnum og börnum – eru fáanlegar á ensku, íslensku og spænsku. Meðal titla er ljóðasafnið *Ljóð fyrir klofið hjarta*, sem fjallar um þemu á mörkum tungumáls og sjálfsmyndar.

Dimma, stofnuð árið 1992 af rithöfundinum og tónlistarmanninum Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni, einbeitti sér í upphafi að því að gefa út tónlist ásamt stöku bókaútgáfu. Frá 2005 varð djass að miðlægu þema og frá 2010 hefur útgáfan lagt aukna áherslu á bæði íslenskan og alþjóðlegan skáldskap, sérstaklega ljóð og ljóðabýðingar.

Bókaforlagið Angústúra, stofnað árið 2016, hefur það að markmiði að gefa út áhugaverðar og fallegar bækur frá öllum heimshornum í vönduðum þýðingum, auk merkra íslenskra bókmennta, og hafði í mars 2026 gefið út þrjátíu og fjórar bækur í þessum flokki.

Forlagið, stærsti bókaútgefandi á Íslandi, gefur út um 150 titla árlega undir ýmsum merkjum, þar á meðal JPV og Máli og menningu. Forlagið hefur gefið út verk fjölmargra höfunda af erlendum uppruna sem búa á Íslandi, bæði í formi bóka og með framlagi þessara höfunda í hið virta bókmenntatímarit, *Tímarit Máls og menningar*.

Þökk sé útgáfuverkefnum á vegum Bókmenntaborgarinnar hafa höfundar af erlendum uppruna orðið sýnilegri á undanförunum árum. Slíkir höfundar voru áberandi í tíu ára afmælisriti Bókmenntaborgarinnar sem helgað var skrifum, *Erindi – Póetik í Reykjavík*, sem Benedikt bókaútgáfa gaf út árið 2021. Sama ár gaf Una útgáfuhús út *Pólífóníu af erlendum uppruna*, ljóðasafn eftir hóp höfunda af erlendum uppruna. Árið 2023 hafði Bókmenntaborgin frumkvæði að útgáfu ritgerðasafns eftir rithöfunda af erlendum uppruna sem búa á Íslandi, sem fjallar um þemu er snúa að því að tilheyra. Bókin kom út bæði á íslensku, undir heitinu *Skáldreki*, og ensku, undir heitinu *Writers Adrift*. í útgáfu Unu útgáfuhúss.

Óformleg tengslanet og stuðningur frá staðbundnum höfundum og þýðendum

Þegar litið er á stöðu fjöltyngdra skrifa á Íslandi gegna staðbundnir höfundar og bókmenntaþýðendur mikilvægu hlutverki við að styðja það samstarfsfólk sitt sem er af erlendum uppruna. Þegar erlendir rithöfundar koma inn í nýtt bókmenntalíf reiða þeir sig oft á örlæti og einlægni staðbundinna höfunda og þýðenda. Í sumum tilfellum ná þessi nýju sambönd út fyrir ströng fagleg mörk og þróast yfir í persónuleg eða starfstengd bönd sem styrkjast vegna sameiginlegrar ástríðu fyrir listum og bókmenntum. Á Íslandi, þar sem félagsleg samskipti eru tiltölulega óformleg og stigveldi minna en í mörgum öðrum löndum, og þar sem fagleg mörk innan listasamfélagsins eru nokkuð sveigjanleg, getur listrænt umhverfi gefið nýju fólki veruleg tækifæri. Íslenskir höfundar gegna gjarnan mörgum hlutverkum, sem ritstjórar, kennarar, þýðendur, bókmenntagagnrýnendur eða menningarstjórnendur svo eitthvað sé nefnt, og hafa því ýmsar leiðir til að veita nýju fólki óbeinan stuðning. Með boðum um þátttöku í viðburðum, tengslamyndun, miðlun úrræða, þýðingum og útgáfu opna þessi nýju tengsl dyr að staðbundnum tækifærum.

Það gæti verið mikilsvert rannsóknarefni að skoða þetta form stuðnings sem oft er persónulegt og óformlegt og því að mestu leyti aðeins kunnugt þeim sem koma beint að málinu. Frekari rannsóknir og viðtöl gætu til dæmis beinst að þeim þátttökuboðum á viðburði og tækifærum sem nýtt fólk fær í gegnum sambönd við staðbundna listamenn, sem og aðstoð við þýðingar, leiðsögn, hvatningu og annars konar táknrænum stuðningi sem á sér stað innan bókmenntasamfélagsins milli innfæddra höfunda og höfunda af erlendum uppruna.

Hvað er íslenskur rithöfundur?

Nánari skoðun á fjölbreyttri senu fjöltyngdra og fjölmennningarlegra skrifa á Íslandi leiðir í ljós hversu flókin hún er og hvernig hún streitist á móti þeirri víðtæku flokkun sem tungumál og menning setja henni oft á tíðum. Hún vekur einnig upp mikilvægar spurningar um það að tilheyra og um sjálfsmynd.

Árið 2016 gaf Ós Pressan út sitt fyrsta safnrit með fjöltyngdum skrifum, *Ós – The Journal*, eftir opið tilboð þar sem nýjum og þekktum höfundum ljóða, smásagna og skapandi fræðiskrifa „sem tengjast Íslandi á einhvern hátt“ var boðið að senda inn verk. Þetta gaf skýrt til kynna víðsýna nálgun og það opna aðgengi sem útgáfan vildi veita höfundum hvað varðar sjálfsmynd, að tilheyra, sem og viðurkenningu á framlagi þeirra til bókmennta.

Sama ár var þriðja tölublað *Tímarits Máls og menningar* (2016), eins elsta og virtasta bókmenntatímarits á Íslandi, tileinkað spurningunni *Hvað er íslenskur rithöfundur?* Spurningin var könnuð frá mörgum sjónarhornum, í ritstjórn Sjóns og Guðmundar Andra Thorssonar. Kastljósinu var beint að rithöfundum af erlendum uppruna sem reyndu að festa rætur í íslensku bókmenntasamfélagi á síðustu öld, íslenskum rithöfundum erlendis í tímans rás og völdum verkum eftir höfunda sem hafa sest að á Íslandi og auðgað bókmenntir landsins.

Árið 2021 birti sama tímarit, *Tímarit Máls og menningar*, verk eftir nokkra höfunda af erlendum uppruna: Önu Mjallhvíti Drekaóttur, Eleni Ilkovu, Francescu Cricelli, Helenu Hafgný Cova og Jakub Stachowiak. Auk þess deildi Ewa Marcinek, pólsk-íslenskur höfundur, hugleiðingum sínum um fjöltyngdar bókmenntir og það að tilheyra í pistlum sem birtust í öllum fjórum tölublöðum tímaritsins það ár.

Í ritgerðasafninu *Skáldreki* frá 2023 kanna tíu erlendir höfundar búsettir á Íslandi þemu sem tengjast því að tilheyra. Ritgerðir þeirra tæpa á ýmsum efnum, allt frá því að flýja raunveruleika heimalandsins og velja að skrifa á nýju tungumáli, til þess að fóta sig í aðskildum heimum sem mótast af ólíkum tungumálum. Höfundarnir velja einnig fyrir sér baráttunni fyrir viðurkenningu innan bókmenntasennunnar og aðferðum til að falla í hópinn, auk þess að deila afar persónulegum reynsluheimi sínum – meðal annars af hjónabandi, móðurhlutverkinu og skilnaði – sem hefur mótandi áhrif bæði á eigin skrif og sambandið við Ísland. Einkennandi þáttur allra ritgerðanna eru þau áhrif sem Ísland hefur haft á höfundana og hugleiðingar þeirra til að skilja þessi áhrif, sætta sig við þau eða finna sinn stað í nýju landi og innan nýs tungumáls.

Í grein frá 2020 um Ós Pressuna og viðtökur hennar í íslenskum fjölmiðlum bentu Lara Hoffmann, Randi Stebbins og Angela Snæfellsjökuls Rawlings á að þegar íslenskir fjölmiðlar fjalla um höfunda með innflytjendabakgrunn sem búa á Íslandi sé þjóðerni þeirra oft áréttað og hafi í einu tilviki jafnvel verið rangt tilgreint. Þrátt fyrir að höfundar af erlendum uppruna hafi fest sig betur í sessi innan íslensku bókmenntasennunnar er staða þeirra enn óljós og flókin ([Angela Rawlings o.fl., 2020](#)).

Í grein sinni „Skrifað í nýju landi“ kannaði Gunnþórunn Guðmundsdóttir ([Gunnþórunn Guðmundsdóttir, 2025](#)) óljósa stöðu höfunda af erlendum uppruna á Íslandi, en þessi flækjustig verða sérstaklega augljós þegar um hagnýt atriði er að ræða, til að mynda við flokkun á bókasöfnum. Hún benti sem dæmi á bók Ewu Marcinek, *Ísland pólerað*, sem er flokkuð sem pólskt verk á Landsbókasafninu – þrátt fyrir að hafa hvorki verið gefin út í Póllandi né skrifuð á pólsku ([Gunnþórunn Guðmundsdóttir, 2025](#)). Þetta mál vekur upp grundvallarspurningar um stöðu höfunda af erlendum uppruna: Eru verk þessara höfunda talin hluti af íslenskum bókmenntum? Ætti að flokka verk þeirra eftir þjóðerni, tungumáli eða búsetu? Tilheyra höfundarnir íslensku bókmenntasennunni að fullu eða er enn litið á þá sem utanaðkomandi aðila?

Í tengslum við þessa rannsókn reyndist jafnvel krefjandi og í eðli sínu vandkvæðum háð að skilgreina og flokka höfunda af erlendum uppruna. Við gætum jafnvel freistast til að endurorða upphaflegu spurninguna úr *Tímariti Máls og menningar*, „Hvað er íslenskur rithöfundur?“ og spyrja þess í stað: „Hvað er höfundur af erlendum uppruna?“ Málið er margþætt og nær yfir tilbrigði eins og tvítyngda höfunda af blönduðum uppruna eða Íslendinga (bæði fædda erlendis og á Íslandi) sem velja að skrifa á öðru tungumáli en íslensku. Spurningar um tungumál og fæðingarstað verða enn flóknari þegar litið er til íslenskra höfunda sem skrifa á öðru tungumáli vegna tilfinningalegra þarfa, listræns vals eða hagnýtra ástæðna sem tengjast útgáfutækifærum. Þegar efnið er nálgast eingöngu með tölfraðilega greiningu í huga – svo sem til að ákvarða hvaða höfunda á styrkjalistum megi telja af erlendum uppruna eða hvernig eigi að viðurkenna sjálfsmynd þeirra sem skilgreina sig kannski ekki persónulega með erlendan bakgrunn – verður flækjustigið enn augljósara.

Þessi dæmi sýna hvernig fjöltyngdar bókmenntir á Íslandi ögra ekki aðeins stífum skilgreiningum tengdum sjálfsmynd út frá þjóðerni eða tungumáli heldur krefjast einnig víðtækari skilnings á því hvað það er að tilheyra. Eftir því sem bókmenntalandslagið verður fjölbreyttara verður sífellt mikilvægara að aðlaga menningarlega og stofnanalega ramma svo þeir endurspegli þennan veruleika, sem er í stöðugri þróun.

Bókmenntastefna

Vaxandi fjöldi innflytjenda á Íslandi er smám saman farinn að móta bókmenntalandslagið, eins og sést í menningarstefnum. Tillaga til þingsályktunar um bókmenntastefnu fyrir árin 2025–2030 var fyrst lögð fram á 155. löggjafarþingi Alþingis af menningar- og viðskiptaráðuneytinu ([Althingi, 2024](#)). Eitt af meginmarkmiðum hennar er að styðja á skilvirkan hátt við sköpun og útgáfu, með hliðsjón af hraðri tækniþróun og samfélagsbreytingum. Í meðfylgjandi aðgerðaáætlun er lagt til að árlega verði stutt við margvísleg verkefni sem stuðla að lestri og sköpun, sérstaklega með börn og ungt fólk í huga, sem og einstaklinga sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Auk þess er í lið 14, sem fjallar um miðlun menningararfs, mælt með því að styðja samstarf milli stofnana og samtaka sem starfa á sviði íslenskra bókmennta og menningararfs, með það að markmiði að efla miðlun og nýsköpun bæði fyrir íslensku þjóðina og erlenda gesti.

Í inngangi greinargerðar um tillöguna segir:

Nauðsynlegt er að taka af allan vafa um það strax í upphafi hvað átt er við með bókmenntum í stefnunni þar sem merking hugtaksins getur verið bæði þröng, t.d. þegar hugtakið er aðeins notað um svokallaðar fagurbókmenntir, eða víð og látin ná yfir mun stærri flóru bókmennta. Í bókmenntastefnunni er hugtakið notað í víðri merkingu og látið ná jafnt yfir fagurbókmenntir sem afþreyingarbókmenntir, ástarsögur sem bækur um

vísindi, ljóð jafnt sem laust mál og bókmenntir ætlaðar fullorðnum jafnt sem þeim sem skrifaðar eru fyrir börn og ungmenni. Bókmenntir merkja hér alla flóru bókmenntanna án tillits til þess hvað þær fjalla um eða hverjum þær eru ætlaðar. Í þessu sambandi er rétt að halda því til haga að enda þótt bróðurpartur íslenskra bókmennta sé skapaður á íslensku þarf svo ekki endilega að vera. Hægt er að líta svo á að til þeirra teljist einnig bókmenntir sem skrifaðar eru á öðrum málum ef sköpunin fer fram á Íslandi eða fjallar um íslenskan veruleika. Hugtakið er einnig óháð því hvernig bókmenntum er miðlað og á því jafnt við um bókmenntir sem birtar eru sem prentaðar bækur, hljóðbækur eða rafbækur. ([Alþingi, 2024](#))

Tillagan var endurskoðuð og lögð fram á 156. löggjafarþingi (2025) af menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu (Þingskjal nr. 267/2024–2025. Tillaga til þingsályktunar um bókmenntastefnu fyrir árin 2025–2030 ([Alþingi, 2024–2025](#)). Helstu uppfærslur voru meðal annars að endurskoða starfsskilyrði höfunda á Íslandi sem skrifa um íslenskan veruleika en hafa ekki íslensku að móðurmáli og að skoða leiðir til að styðja við útgáfu verka sem eru mikilvæg fyrir íslenska tungu og menningu.

Tillagan var rædd á Alþingi og síðan send til allsherjar- og menntamálanefndar, þar sem viðeigandi samtökum og hagsmunaaðilum var boðið að koma með innlegg.

Báðum skýrslum lýkur með samantekt um samráðsferlið (8.–18. mars 2024), þar sem bárust 23 umsagnir frá hagsmunaaðilum sem tóku þátt. Í athugasemdunum var lögð áhersla á mikilvægi þess að telja með hópa sem ekki er fjallað um í stefnunni, svo sem blindu og sjónskerta, heyrnarlausa og heyrnarskerta og þau sem nota táknmál, auk höfunda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem starfa á Íslandi og skrifa um íslenskan veruleika.

Námskeið í boði

Samkvæmt upplýsingaöflun virðist sem flest námskeið í skapandi skrifum sem standa nýjum höfundum á Íslandi til boða séu kennd á íslensku og fyrst og fremst ætluð þeim sem skrifa á því tungumáli. Til að sækja um nám í ritlist við Háskóla Íslands þarf íslenskukunnáttu. Hins vegar eru einstök námskeið á ensku í boði fyrir nemendur sem eru skráðir í ensku, bókmenntafræði, menningu og miðlun, Ameríkufræði eða hagnýta Ameríkufræði. Nýjum höfundum með annan bakgrunn, sem skrifa á öðrum tungumálum en íslensku, bjóðast fá tækifæri hvað varðar viðeigandi námskeið í skapandi skrifum. Á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi) er hægt að finna námskeið í skapandi skrifum á íslensku á bókasöfnum, í fræðslumiðstöðvum, hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og hjá þekkingarsetrum og einkafyrirtækjum sem sérhæfa sig í skapandi skrifum og frásögnum (á netinu eða á staðnum). Árið 2025 voru tvö ný verkefni sett á laggirnar. Annað er samstarfsverkefni Kvennaskólans í

Reykjavík og Borgarbókasafnsins fyrir ungar konur af erlendum uppruna sem læra íslensku með ýmsum aðferðum, þar á meðal í gegnum bókmenntir. Hitt er verkefni á vegum WOMEN í samvinnu við ýmsar mennta- og heilbrigðisstofnanir fyrir konur af erlendum uppruna sem læra íslensku í gegnum bókmenntir.

Á Austurlandi hafa verið í boði vinnusmiðjur í skapandi skrifum á ensku, kenndar af Nönnu Vibe Spejlborg Juelsbo, rithöfundi, blaðakonu og verkefnastjóra á bókasafninu á Seyðisfirði. Þátttakendur í smiðjunum geta skrifað á því tungumáli sem þeir kjósa. Á Vesturlandi eru vinnusmiðjur í boði í gegnum Símenntunarmiðstöðina á Akranesi og í Borgarnesi. Á Vestfjörðum hefur Greta Lietuvninkaitė, rithöfundur, verkefnastjóri og leiðbeinandi í vinnusmiðjum, haldið og stýrt ýmsum vinnusmiðjum frá því í október 2022. Hún er stofnandi *Write It Out*-verkefnisins. Einnig hafa verið haldnar nokkrar smiðjur á ýmsum bókasöfnum á Vesturlandi og Vestfjörðum eða í fræðslumiðstöðvum þar. Á Norðurlandi hafa verið nokkur tækifæri á Amtsbókasafninu á Akureyri, til dæmis vikulegir fundir opnir öllum frá árinu 2021, þar sem skrifað er á hvaða tungumáli sem er. Annað dæmi er smiðja í skapandi skrifum sem var samstarfsverkefni Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) og Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA) fyrir nemendur af erlendum uppruna. Einnig er boðið upp á námskeið í skapandi skrifum á netinu hjá Símenntun Háskólans á Akureyri. Í mars 2026 var nýtt verkefni sett af stað af Bókmenntaborginni og óhagnaðardrífnu félagasamtökunum ALO Ísland í samvinnu við staðbundna rithöfunda. Verkefnið *Ritrými í Reykjavík* býður upp á ókeypis, fjöltyngdar og samfélagsdrifnar vinnusmiðjur í skrifum tvisvar í mánuði í Mengi, skapandi og tilraunakenndu tónlistar- og listarými í miðbæ Reykjavíkur. Fyrstu sex skiptin eru tilraunasmiðjur og eru þær leiddar sameiginlega af rithöfundum og skáldum sem búa í Reykjavík á þeim tungumálum sem þau kjósa, auk þess sem boðið er upp á viðbótar málstuðning á staðnum.

VV-sögur og ÍTM

Ekki hefur verið boðið upp á skapandi námskeið á íslensku táknmáli, að undanskildum fjórum vinnusmiðjum í gerð VV-sagna sem Ós Pressan og Elsa G. Björnsdóttir, skáld, kennari, fræðimaður og leikkona, skipulögðu og stýrðu. Námskeiðin voru haldin í samvinnu við Bókmenntaborgina og Borgarbókasafnið, fóru fram á árunum 2020–2023 og voru styrkt af Bókasafnasjóði og Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar. Fyrstu þrjár smiðjurnar voru fyrir fólk innan samfélags heyrnarlausra, eða döff samfélagsins eins og þau vilja kalla það, tvær fyrir konur (byrjenda- og framhaldssmiðja) og ein fyrir karla (byrjendasmiðja). Eitt kvár sótti einnig vinnusmiðju. Fjórða vinnusmiðjan var opin öllum altalandi á ÍTM. Þátttakendur voru á öllum aldri og með fjölbreyttan bakgrunn (döff, heyrandi, af erlendum uppruna, innfæddir, kennarar, rannsakendur, táknmálstúlkar, sjálfstætt starfandi, listamenn og skólastjórar). Þeir lærðu að skapa sínar eigin VV-sögur ([Anna Valdís Kro, 2023](#)) með því að

byggja upp söguþráð, skapa persónur, skipta milli hlutverka og nota látbrigði, svipbrigði, hæga/hraða hreyfingu, takt og mismunandi sjónarhorn með því að nota aðeins líkamann. Þótt táknmálsbókmenntir hafi alltaf verið mikilvægur hluti af menningu döff var þetta í fyrsta sinn sem flestir þátttakendanna unnu á skapandi hátt, fengu kennslu í gerð VV-sagna og áttu samskipti við kennarann og aðra þátttakendur – gáfu og fengu endurgjöf – allt á sínu eigin máli.

Engin tækifæri hafa verið fyrir döff samfélagið til að sækja vinnusmiðjur á ÍTM þar sem fólklærir að vera skapandi á sínu eigin máli. Fyrir þau innan þessa samfélags sem vilja sækja vinnusmiðjur í skapandi skrifum er eini kosturinn smiðja sem kennd er á íslensku raddmáli, þar sem þau þurfa að reiða sig á túlkun milli íslensks raddmáls og ÍTM. Í skriflegu svari frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (Anna Dagmar Daníelsdóttir, persónuleg samskipti, 2026) kemur fram að: „*Endurgjaldslaus túlkapjónusta*: Túlkapjónusta sem heyrir ekki undir túlkapjónustu sem veitt er á grundvelli laga og er greidd af hlutaðeigandi ríkisaðilum eða sveitarfélögum” ([menningar- og viðskiptaráðuneytið, 2024](#)) sé greidd af stofnuninni og fari af fjárlögum hennar á hverju ári. Fjármagninu sé skipt á ársfjórðunga, 30% á 1. og 3. ársfjórðung og 20% á 2. og 4. ársfjórðung, í samræmi við fyrirmæli menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis. Þá er stofnuninni heimilt

að veita endurgjaldslausu túlkapjónustu vegna daglegs lífs og greiða ferðakostnað táknmálstúlks innan jafnt sem utan höfuðborgarsvæðisins vegna þess, á grundvelli sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum ár hvert. Við afgreiðslu beiðna á grundvelli þessarar heimildar skal gætt jafnræðis milli notenda þjónustunnar, með tilliti til þeirrar fjárveitingar sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma. ([menningar- og viðskiptaráðuneytið, 2024](#)).

Í svarinu kemur einnig fram að ef fjármagn er fullnýtt áður en ársfjórðungi lýkur verði ekki hægt að verða við þeim túlkapöntunum sem berast og falla undir endurgjaldslausu túlkapjónustu í daglegu lífi og þjónustunni því lokað. Þegar sú staða komi upp sendi stofnunin út tilkynningu þess efnis sem leiðir til þess að túlkapantanir berast síður. Þó er þeim pöntunum sem berast fyrir lokunina sinnt. Árið 2025 þurfti stofnunin að loka þessari túlkapjónustu eftir fyrstu tvo ársfjórðungana þar sem fjármagn var þá fullnýtt. ([Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, 2025](#)). Þessar takmarkanir þýða að tækifæri til þróunar á eigin máli eru fá og aðgangur að þekkingu og mögulegri endurmenntun takmarkaður. Einu nemendurnir sem hafa aðgang að námskeiðum um táknmálsbókmenntir og gerð VV-sagna hafa verið þeir einstaklingar sem eru skráðir í BA-nám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun við Háskóla Íslands, en meirihluti þeirra er heyrandi.

Tækifæri til að deila skrifum

Tækifærum fyrir fjöltyngda höfunda á Íslandi til að deila skrifum sínum hefur fjölgað jafnt og þétt og hafa rými sprottið upp þar sem nýjar og þekktar raddir geta tengst, kynnt verk sín og tekið virkan þátt í samfélagi rithöfunda.

Áhugavert dæmi er Ritverið, aðstaða við Háskóla Íslands, þar sem þátttakendur geta hitt hvoru tveggja ráðgjafa sem aðstoða við skrif og aðra rithöfunda. Í viðtali í blaðinu *The Reykjavík Grapevine* ([Catherine Magnúsdóttir, 2024](#)) útskýra dr. Jessica Murphy og Beth Cortese, sem báðar kenna skapandi skrif og enskar bókmenntir við Háskóla Íslands, að þær „vildu vera til staðar fyrir háskólasamfélagið í heild sinni“. Þátttakendur í Ritveri geta fengið endurgjöf á skrif sín og lært af jafningjum, óháð akademískum bakgrunni sínum. Markmiðið er að leiða saman fólk með svipuð áhugamál, þar á meðal bæði rithöfunda og þau sem einfaldlega hafa áhuga á skapandi skrifum.

Fjölbreynni viðburða með opnum hljóðnema þar sem þátttakendur geta lesið upp úr skrifum sínum hefur aukist á síðustu tveimur árum. *Reykjavík Open*, mánaðarleg viðburðaröð í Mengi sem spratt upp úr sama rithöfundahópi og stendur fyrir *RVK Poetics*, hefur sýnt fram á hversu stórt samfélag rithöfunda á höfuðborgarsvæðinu er í raun og veru. Nokkrir aðrir staðbundnir hópar hafa einnig tekið að halda viðburði með opnum hljóðnema, svo sem í bókabúðinni Skáldu á vegum rithöfundahópsins Morgundaggarinnar, á SKÝ bar á vegum R.E.C. Arts Reykjavík, hóps listamanna og sviðslistafólks, á vínbarnum Port9 og í ljóðaslammskeppninni á Borgarbókasafninu.

Árið 2024 var viðburðaröðin *Becoming Us* haldin í Stúdentakjallaranum á vegum Juan Camilo verkefnastjóra Spretts, verkefni við Háskóla Íslands sem styður þátttöku innflytjenda í háskólanámi, og Löru Hoffmann kennara og rannsakanda við Háskóla Íslands og meðlims í Ós Pressunni. Viðburðaröðin virkar að hluta til sem opinn hljóðnemi fyrir nemendur. Í mars 2025 hélt útgáfufyrirtækið Karíba fyrstu *Bókmenntahátíðina á Flateyri*, þorpi á Vestfjörðum. Í fjóra daga gátu rithöfundar og gestir sótt ýmsa viðburði þar sem meðal annars var fjallað um barnabókmenntir og það að vera innflytjendahöfundur á Íslandi, auk þess sem boðið var upp á pallborðsumræður með höfundum, upplestra, uppistand og opinn hljóðnema.

Þótt vitað sé að tækifæri til að deila skrifum dreifist ekki jafnt um landið og margir viðburðir séu einungis í boði í Reykjavík, bendir vaxandi fjöldi viðburða með opnum hljóðnema, svo og vinnusmiðjur og hátíðir – sem að miklu leyti eru að frumkvæði grasrótarinnar – til lifandi bókmenntamenningar á Íslandi sem verður sífellt meira inngildandi.

Styrkir og stuðningur stofnana

Mikilvægustu bókmenntastyrkirnir á Íslandi eru starfslaun listamanna. Fyrst var úthlutað úr sjóðnum árið 1993. Markhóparnir eru hönnuðir, myndlistarmenn, rithöfundar, sviðslistafólk, tónlistarfólk og tónskáld. Markmið sjóðsins er „að efla listsköpun á Íslandi. Fjárveitingar eru ákveðnar í fjárlögum Alþingis ár hvert. ([Alþingi, 2009](#))“. Opnað er fyrir umsóknir í sjóðinn einu sinni á ári.

Angela Snæfellsjökuls Rawlings, kanadísk-íslensk fjöllistakona, varð fyrsti erlendi rithöfundurinn búsettur á Íslandi til að hljóta listamannalaun árið 2017, en henni voru veitt laun í þrjá mánuði ([Birgir Olgeirsson, 2017](#)). Á árunum þar á eftir fengu nokkrir aðrir erlendir rithöfundar laun í þrjá til sex mánuði, sem endurspeglar vaxandi viðurkenningu á framlagi þeirra til íslenskra bókmennta og lista.

Ár	Viðtakandi (-ur)	Úthlutun
2017	Angela Snæfellsjökuls Rawlings	3 mánuðir
2018	Elías Knörr	3 mánuðir
2020	Mazen Maarouf	6 mánuðir
2021	Lani Yamamoto	3 mánuðir
2022	Ewa Marcinek, Maó Alheimsdóttir	3 mánuðir hvor
2023	Mazen Maarouf	6 mánuðir
	Ewa Marcinek, Jakub Stachowiak, Natasha S.	3 mánuðir hvert
2024	Jakub Stachowiak, Natasha S.	6 mánuðir hvort
	Joachim B. Schmidt	3 mánuðir
2025	Mazen Maarouf, Natasha S.	6 mánuðir hvort
	Maó Alheimsdóttir, Joachim B. Schmidt	3 mánuðir hvort

2026	Mazen Maarouf, Natasha S., Maó Alheimsdóttir	6 mánuðir hvert
------	--	-----------------

Tafla 1: Höfundar af erlendum uppruna – Launþegar listamannalauna eftir ári ([Rannís](#), n.d.)

Ár	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Höfundar – heildarfjöldi	83	79	79	82	94	80	81	80	79	85
Höfundar – af erlendum uppruna	1	1	0	1	1	2	4	3	4	3
Úthlutun í mánuðum – heildarfjöldi	555	555	555	555	646	555	555	555	566	620
Úthlutun í mánuðum – af erlendum uppruna	3	3	0	6	3	6	15	15	18	18

Tafla 2: Dreifing Listamannalauna eftir bakgrunni höfundar ([Rannís](#), n.d.)

Þrátt fyrir þessa birtingarmynd er hlutfall listamannalauna sem veitt eru höfundum af erlendum uppruna enn lítið – 18 af þeim 620 mánuðum sem í boði eru árið 2026, eða um 2,9%. Hins vegar hefur viðtakendum og heildarfjölda mánaða sem veittir eru skáldum og rithöfundum af erlendum uppruna fjölgað jafnt og þétt, sem bendir til jákvæðrar þróunar.

Gunnþórunn Guðmundsdóttir kemst að þeirri niðurstöðu, byggða á rannsóknum sínum, að það sé ekki auðvelt fyrir höfunda að komast inn í og vera hluti af bókmenntasamfélaginu hér á Íslandi. Margir innfæddir höfundar deila raunar þeirri reynslu. Þegar það svo bætist við að vera af erlendum uppruna, eða skrifa á öðru tungumáli en íslensku, segir hún: „verða hlutirnir ansi erfiðir“ ([Gunnþórunn Guðmundsdóttir, 2025](#)). Í *Skáldreka: Ritgerðasafni höfunda af erlendum uppruna á Íslandi* (2023), fjalla höfundarnir Joachim B. Schmidt og Helen Hafgnýr Cova bæði um reynslu sína af úthlutun listamannalauna í ritgerðum sínum. Joachim B. Schmidt hefur ritgerð sína, sem ber hið viðeigandi heiti „Umsókn hafnað“, á sláandi senu:

Það er hlegið í Gunnarshúsi, í höfuðstöðvum Rithöfundasambands Íslands. Ég er sá eini sem ekki hlær, sit klumsa á stólnum mínum og horfi ráðvilltur í kringum mig. Sagði ég óvart brandara?

Höfundurinn segir hér frá viðbrögðum áheyrenda á upplýsingafundi eftir að hann spurði hvort umsókn um styrk fyrir skáldsögu sem skrifuð væri á öðru tungumáli en íslensku gæti átt möguleika. Frá þessu augnabliki og áframhaldandi umræðum leiðir ritgerðin í ljós þau rök að listamannalaun á vegum ríkisins séu óformlega frátekin fyrir rötgróna, íslenskumælandi rithöfunda, sem leiðir til víðtækari umhugsunar um útilokun, tungumál og það að tilheyra innan íslenskrar bókmenntamenningar.

Í ritgerð sinni „Hlutverkaleikir“, lýsir Helen Hafgnýr Cova þátttöku í íslensku bókmennta- og útgáfustarfi sem fjallgöngu:

Þetta samfélag hefur fagnað velgengni minni, fullt af velvilja og góðum óskum. Engu að síður hefur mér reynst erfitt að skapa mér nafn sem eftir er tekið; að fólk þekki mig sem rithöfund, hvað þá sem íslenskan rithöfund. Fjallið sem ég þarf að klífa hefur alltaf verið og mun alltaf verða hærra, brattara og grýttara en fjall íslenskra kollega minna og það er allt í lagi, *að mestu leyti*. Mér finnst ég ekki eiga rétt á einhverri sérstakri meðferð og ég kæri mig heldur ekki um hana, en ég vil að veruleiki minn sér viðurkenndur. Aðeins það, viðurkenndur.

Helen ljóstrar því upp að þótt hún hafi lengi verið siðferðilega hikandi við að sækja um listamannalaun hafi hagnýtur veruleiki neytt hana til þess. Þetta undirstrikar hvernig rithöfundar af erlendum uppruna – þrátt fyrir að búa yfir ósögðum sögum og umtalsverðum sköpunarmætti – eru að mestu leyti ósýnilegir og án stuðnings, og bendir á að raunverulegt jafnrétti muni aðeins nást þegar barátta þeirra er að fullu viðurkennd.

Gunnþórunn Guðmundsdóttir kemst að þeirri niðurstöðu að „valið milli þess að vinna í stórmarkaði og skrifa sögur er í raun ekkert val – þetta endar allt í jæja-búðinni“ ([Gunnþórunn Guðmundsdóttir, 2025](#)), og notar þar hugtak sem rithöfundurinn Elena Ilkova bjó til, dregið af íslenska orðinu *jæja*, orði sem tjáir gremju og þöglan pirring.

Þegar stuðningur við fjöltyngda höfunda er greindur í víðara samhengi er gagnlegt að skoða stofnanir eins og **Rithöfundasamband Íslands**, fag- og hugmyndafræðileg samtök sem eru málsvári höfunda. Sambandið var stofnað árið 1974 og hefur nú 650 félagsmenn, þar á meðal skáld, skáldsagnahöfunda, bókmenntaþýðendur, leikskáld, handritshöfunda, höfunda ungmenna- og barnabóka og höfunda fræðirita. Sambandið býður upp á starfsstyrki úr sjóði sínum, sem úthlutað er einu sinni á ári. Virkir höfundar geta sótt um óháð aðild að sambandinu, þar á meðal höfundar barnabóka, handritshöfundar, leikskáld, skáld, skáldsagna- og smásagnahöfundar, höfundar bókmennta fyrir ungt fólk, þýðendur, ævisagnahöfundar og aðrir rithöfundar. Af 650 félagsmönnum eru 30 af erlendum uppruna.

Ár	1990	2002	2004	2006	2008	2012	2013	2014	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Nýir félagar	1	1	1	1	1	1	1	2	4	4	1	3	2	3

Tafla 3: Fjöldi einstaklinga af erlendum uppruna sem hafa gerst aðilar að Rithöfundasambandi Íslands eftir árum ([Rithöfundasamband Íslands](#)).

Fyrsti erlendi rithöfundurinn sem gekk í Rithöfundasamband Íslands var Knut Arne Ödegård, skáld og þýðandi, árið 1990. Næst var það Coletta Maria Bürlin, þýðandi, árið 2002. Næstu félagarnir af erlendum uppruna gengu svo í sambandið með nokkurra ára millibili, árin 2004, 2006 og 2008. Eftir 2012 fjölgaði félögum af erlendum uppruna í Rithöfundasambandinu jafnt og þétt, sem endurspeglar aukna fjölbreytni í bókmenntasamfélaginu á Íslandi. Þessi stöðuga aukning bendir til þess að höfundum af ólíkum uppruna hafi verið tekið opnari örmum á undanförunum árum. Þegar þetta er skrifað voru nýjustu félagarnir sem bættust við árið 2024 Yeonji Ghaim, barnabókahöfundur, Katarzyna Bobola og Piotr Roslaw, bæði höfundar fræðiritra, og Maó Alheimsdóttir, skáldsagna- og ljóðskáld. Stærsti hópur félaga af erlendum uppruna, níu talsins, eru þýðendur. Einnig eru sjö ljóðskáld, sex höfundar fræðiritra, fjórir barnabókahöfundar og fjórir skáldsagnahöfundar. Sumir félaganna skrifa verk innan fleiri en einnar bókmenntagreinar. Á undanförunum árum hefur Rithöfundasambandið, í samstarfi við Gunnarsstofnun, staðið fyrir enskumælandi viðburðum sem beinast sérstaklega að höfundum af erlendum uppruna – boðið þeim í heimsókn í Gunnarshús, þar sem sambandið er til húsa, og hvatt þá til að gerast aðildarfélagar.

Önnur lykilstofnun sem styður við bókmenntir á Íslandi er **Miðstöð íslenskra bókmennta**. Miðstöðin er ríkisrekin og vinnur að því að vekja athygli á íslenskum bókmenntum hér heima og erlendis og stuðla að dreifingu þeirra. Erlendir útgefendur geta sótt um þýðingarstyrki og höfundar, útgefendur eða skipuleggjendur bókmenntaviðburða geta óskað eftir stuðningi fyrir íslenska höfunda sem ferðast til útlanda til að kynna verk sín. Miðstöðin styður útgáfu íslenskra og þýddra bókmennta, auk þess að efla bókmenntamenningu á Íslandi almennt. Hún býður upp á nokkra styrki fyrir höfunda og eru þeirra á meðal Auður, sjóður fyrir barna- og ungmennabókmenntir sem veitt er úr einu sinni á ári, útgáfustyrkur sem veittur er árlega til útgefenda sem endurgreiðsla á hluta útgáfu- og dreifingarkostnaðar bóka (þessi styrkur styður eingöngu verk á íslensku), Nýræktarstyrkur fyrir upprennandi rithöfunda, óháð aldri, til að hvetja til frekari þróunar (árið 2021 hlutu tveir pólskir höfundar, Jakub Stachowiak og Maó Alheimsdóttir, þennan styrk); og loks þýðingarstyrkir yfir á íslensku sem boðnir eru útgefendum tvisvar á ári (þessi styrkur hefur einnig stutt erlenda höfunda: árið 2022 fékk smásagnasafn Ewu Marcinek, *Ísland pólerað*, styrk til þýðingar úr ensku, og árið 2024 ljóðasafn Francescu Cricelli, *Eignatal*, úr portúgölsku). Stefna Miðstöðvar íslenskra bókmennta ([Miðstöð íslenskra bókmennta, 2007](#)) styður við íslenskar bókmenntir og kynningu þeirra erlendis, en hefur engin sérstök ákvæði um fjöltyngdar bókmenntir umfram útgáfu erlendra verka á íslensku ([Miðstöð íslenskra bókmennta](#)).

Sá stuðningur við verkefni og viðburði sem stuðla að fjöltyngdum bókmenntum á höfuðborgarsvæðinu og hefur verið hvað markvissastur og stöðugastur hefur komið frá Reykjavíkurborg. Frá því að borgin var útnefnd **Bókmenntaborg UNESCO** árið 2011 hefur þessi stuðningur verið einbeittur og markviss, veittur með blöndu af grasrótarstyrkjum og fjölbreyttri starfsemi svo sem bókmenntaverkefnum, viðburðum, sýningum, hátíðum og útgáfum. Verkefnastjórar Bókmenntaborgarinnar hafa gegnt virku hlutverki við að efla fjölbreytni í bókmenntalífinu og styðja við fjöltyngda höfunda. Áþreifanlegur árangur af skuldbindingu þeirra er meðal annars stofnun útgáfufyrirtækisins Ós Pressunnar og fjöltyngdra útgáfna þess (frá 2015), stofnun og áframhaldandi stuðningur við fjöltyngdu viðburðaröðina *RVK Poetics* (frá 2023), fjöltyngdar vinnustofur í samfélagslegum skrifum, *Ritrymi í Reykjavík* (2026), og útgáfa ritgerðasafnsins *Skáldreki* (2023), sem einnig kom út á ensku sem *Writers Adrift*, en þar er sjónarhorni tíu erlendra höfunda búsettra á Íslandi varpað fram. Bókmenntaborgin fylgir menningarstefnunni *List og menning í Reykjavík 2030* ([Reykjavíkurborg, 2021a](#)) sem „miðar að því að veita öllum íbúum jöfn tækifæri til að njóta lista, menningar og menningararfs“ og kveður á um að „menningar- og listalíf borgarinnar eigi að endurspegla fjölbreyttan íbúahóp hennar, ekki vera einsleitt“. Skjalið er í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar ([Reykjavíkurborg, 2016](#)) um að styðja við jafnrétti óháð „uppruna, þjóðerni, stétt, tungumáli, litarhætti, trú, lífsskoðun, stjórnmálaskoðunum, kyni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kyneinkennum, aldri, fötlun, líkamsbyggingu eða -gerð, heilsu, færni eða annarri stöðu“. Hvorki menningarstefnan né aðgerðaáætlun hennar, *Aðgerðaáætlun menningarstefnu 2021–2023* ([Reykjavíkurborg, 2021b](#)), fjallar sérstaklega um stuðning við fjöltyngd skrif eða fjöltyngda listræna tjáningu.

Annar mikilvægur og áhrifamikill styrktarsjóður hefur verið **Þróunarsjóður innflytjendamála**, sem stofnaður var í mars 2007 og er á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Sjóðurinn styður rannsóknar- og þróunarverkefni sem varða málefni innflytjenda, með það að markmiði að auðvelda aðlögun þeirra að íslensku samfélagi og hjálpa samfélaginu að taka betur á móti þeim. Á árunum 2022–2023 fengu alls nítján verkefni og rannsóknir rúmlega 40 milljónir króna í styrki. Meðal athyglisverðra verkefna sem hlotið hafa styrk eru „Mörg tungumál listarinnar“ á Listasafni Reykjavíkur, verkefnið „Móðurmálið er máttur“ á vegum Móðurmáls – samtaka um tvítýngi, og Söguhringur kvenna á Borgarbókasafninu. Þrátt fyrir að þessi fjármögnun hafi styrkt aðgengi að tungumálum, íslenskunám og eflingu fjöltyngis, hefur hún aðeins óbeint stutt við fjöltyngd skrif ([Stjórnarráð Íslands](#)).

Hin afskekkt og strjálbýla Vestfjarðabyggð – þar sem aðeins 7.341 íbúar bjuggu árið 2026 ([Hagstofa Íslands, 2026](#)) – nýtur góðs af vel uppbyggðu menningarstyrkjakerfi í gegnum **Uppbyggingarsjóð Vestfjarða**. Sjóðurinn styður menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni, auk stofn- og rekstrarkostnaðar menningarstofnana á svæðinu ([Vestfjarðastofa](#)). Einn athyglisverður styrkþegi er Greta Lietuvninkaitė-Susickė, litháískur höfundur búsett á Ísafirði, sem fékk styrk fyrir ígrundandi vinnustofu sína, „Write it Out“, þar

sem hún heldur reglulega ritstundir. Þetta frumkvöðlastarf eflir fjöltyngd meðferðarfræðileg skrif og býður upp á opið, fjöltyngt bókmenntarými fyrir nærsamfélagið.

Styrkir frá sveitarfélögum eru oft nærtækustu tækifærin fyrir grasrótarverkefni sem styðja við fjöltyngd skrif. Gott dæmi er *Bókmenntahátíð Flateyrar* sem var haldin í fyrsta sinn árið 2025, skipulögð af Kariba – sjálfstæðu útgáfufyrirtæki með aðsetur á Flateyri – og var m.a. styrkt af Þróunarsjóði Flateyrar. Hátíðin sameinar rithöfunda og lesendur í þessu afskekktu þorpi á Vestfjörðum og fagnar bókmenntum og fjölbreytileika í fjóra daga með ríkulegri dagskrá fyrir bæði börn og fullorðna. Allir viðburðir eru ókeypis og opnir almenningi og boðið er upp á fjölbreytta dagskrá ásamt lista- og bókmenntasýningum sem standa yfir alla hátíðina. Dagskráin leggur sérstaka áhersla á fjölbreytileika og eru verk höfunda sem tilheyra minnihlutahópum á Íslandi kynnt, þar á meðal einstaklinga sem eru ólíkir hvað varðar þjóðerni, trúarbrögð, kynhneigð og kynvitund.

Stuðningskerfi stofnana og sveitarfélaga á Íslandi eru smám saman að aðlagast vaxandi fjölbreytileika bókmenntalífsins, með auknum – en þó enn takmörkuðum – stuðningi við höfunda af erlendum uppruna og fjöltyngda höfunda. Hér á eftir eru nefnd nokkur dæmi um samfélagsleg listverkefni þar sem fjöltyngi er fagnað, sem njóta stuðnings stofnana.

Kærleiksorðræða er yfirstandandi verkefni sem hófst árið 2024 á Borgarbókasafninu og er stutt af Þróunarsjóði innflytjendamála og Sprotasjóði. Með fundum og vinnustofum beinir verkefnið sjónum að reynslu einstaklingsins, tilfinningalæsi og sameiginlegu eignarhaldi á íslenskri tungu. Þátttakendum er boðið að búa til ný íslensk orð sem endurspegla þeirra reynslu og veruleika. Nýja orðaforðanum er safnað í ört stækkandi orðabók sem er til húsa á bókasafninu. Samhliða orðabókinni skapar *Kærleiksorðræðan* vettvang fyrir opnar umræður um eigin reynslu fólks af samskiptum þvert á tungumál. Með umræðum, samfélagsþátttöku og sköpunargleði tekst verkefnið á gagnrýninn hátt á við íslenska málhreinunarstefnu og hina rótgrónu stofnanaramma um nýyrðasmíð ([Borgarbókasafnið](#)).

Að verða við er röð menningartengdra viðburða á vegum Háskóla Íslands í umsjón Juan Camilo Román Estrada – skálds, kennara og sögumanns – sem fjölmenningarfulltrúa Háskóla Íslands og verkefnastjóra Spretts, verkefnis sem veitir innflytjendum stuðning við að komast inn í og ná árangri í háskólanámi. Viðburðaröðin býður þátttakendum að fagna fjölbreytileika menningarheima, tungumála, hreims, lista, ljóðlistar, frásagna og reynsluheims sem búa í, fara um og auðga Háskóla Íslands. Viðburðirnir hafa verið skipulagðir í samvinnu við Ós Pressuna, Háskólann á Akureyri og Amtsbókasafnið á Akureyri ([Ós Pressan](#)).

Rótarskot var verkefni og viðburður sem haldinn var á Listahátíð í Reykjavík 2024 og leiddi saman erlenda rithöfunda og fræðimenn frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til að kanna þróun íslenskrar tungu. Dagskráin innihélt ljóðalestur fjöltyngdra höfunda, pallborðsumræður og gjörningalestur – nútímalega endurtúlkun á Landnámu, miðaldatextanum sem lýsir landnámi Íslands. Þátttakendur af erlendum uppruna voru beðnir um að deila sínum eigin „landnámssögum“ á Íslandi, sem voru ritaðar í rauntíma í skjál sem varpað var á skjá.

Sýningarstjóri viðburðarins var rithöfundurinn Pedro Gunnlaugur Garcia og var hann skipulagður í samvinnu við Árnastofnun og Borgarbókasafnið. Viðburðurinn var frábært dæmi um hvernig hægt er að endurskoða rótgrónar menningarlegar frásagnir eins og Landnámu í því samhengi að efla samtal milli íslenskra fræðimanna og rithöfunda af erlendum uppruna og undirstrika þannig aukin fjöltyngd einkenni á Íslandi í dag ([Marcatili, 2024](#)).

Í nóvember 2025 hélt **Gunnarsstofnun** viðburð í Veröld – húsi Vigdísar í Reykjavík til að minnast þess að fimmtíu ár voru liðin frá andláti höfundarins Gunnars Gunnarssonar. Dagurinn hófst með málþinginu „Að tilheyra engum bókmenntum“ í umsjón Skúla Björns Gunnarssonar, forstöðumanns stofnunarinnar. Á málþinginu var hlutverk Gunnars Gunnarssonar sem innflytjendarithöfundar í Danmörku fyrir öld síðan kannað og ferill hans tengdur við verk og reynslu rithöfunda af erlendum uppruna á Íslandi í dag. Í kjölfarið fór fram samtímalestur á nóvellunni *Adventu* á 21 tungumáli, þar sem hver lestur fór fram í sínu rými innan byggingarinnar. Gestum var frjálst að ganga á milli herbergja og upplifa lesturinn á mörgum tungumálum. Viðburðurinn varð að veruleika með þátttöku skálda, þýðenda og sjálfboðaliða sem lásu söguna á sínum móðurmálum, auk samstarfs Gunnarsstofnunar, Háskóla Íslands, Bókmenntaborgarinnar og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, með stuðningi frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu og sendiráðum Noregs, Finnlands, Svíþjóðar og Danmerkur á Íslandi. Viðburðurinn var skýrt dæmi um hvernig mikilvæg minningarathöfn þjóðar getur á þýðingarmikinn hátt falið í sér fjöltyngdar raddir og breiða þátttöku um leið og menningarleg frásögn Íslands er varðveitt ([Gunnarsstofnun](#)).

Þessi dæmi og aukinn stuðningur endurspeglar víðtækari viðurkenningu á gildi fjöltyngdra radda innan íslenskra bókmennta og þá inngildandi möguleika sem bókmenntaviðburðir hafa.

Sýnileiki og birtingarmyndir

Greining okkar á fjölmiðlatextum úr stafrænum skjalasöfnum sýnir að íslenskir fjölmiðlar hafa veitt veru rithöfunda af erlendum uppruna sem búsettir eru á Íslandi athygli undanfarna tvo áratugi. Heimildirnar eru meðal annars greinar, fréttir og yfirlit í dagblöðum eins og *Morgunblaðinu* og *Fréttablaðinu*, auk greina í enska menningarritinu *The Reykjavík Grapevine*. Þær ná aftur til upphafs 21. aldar, þar sem fyrst er minnst á rithöfunda í heimsókn sem síðar settust að á Íslandi, og frá því snemma á öðrum áratugnum er fjallað um tilkomu þessara nýju radda. Hins vegar, eins og höfundar greinarinnar *Fjöltyngd skrif á Íslandi* frá 2020 ([Angela Rawlings o.fl., 2020](#)) benda á, hefur fjölmiðlaumfjöllun um rithöfunda af erlendum uppruna tilhneigingu til að leggja áherslu á þjóðerni þeirra eða upprunaland og hversu lengi þeir hafa búið á Íslandi. Í reynd endurspeglast þetta í því að þjóðerni höfundarins er dregið fram – stundum þar með talið íslenskt – eða upprunaland hans og bætt við einhverri mynd af orðasambandinu „búsettur á Íslandi“. Erlenda upprunanum er sleppt þegar um mjög stutta umfjöllun er að ræða, svo sem í yfirliti um viðburði þar sem þessir höfundar eru nefndir meðal annarra, þó að í sumum

textum séu stundum notuð lýsingarorð eins og „skáld Reykjavíkur“ í staðinn, eða áhersla lögð á íslenskan ríkisborgararétt þegar greint er frá alþjóðlegum árangri. Dæmi um þetta er grein í *Morgunblaðinu* frá 2019 þar sem tilnefningu Mazen Maarouf til Man Booker-verðlaunanna er fagnað. Í inngangi greinarinnar segir: „Annar Íslendingurinn sem hlýtur tilnefningu til verðlaunanna“ ([Morgunblaðið, 2019](#)). Tilkoma Ós Pressunnar árið 2015 og útgáfur eins og fjöltyngda ljóðasafnið *Pólifónía af erlendum uppruna* árið 2021 marka upphaf blaðagreina sem fjalla um aukna veru erlendra höfunda, bókmenntaárangur þeirra og stöðu innan íslenskra bókmennta. Fyrirsagnir greinanna sjálfra eru mikilvægar:

„Fjölmála skáldasamfélag“ ([Kristján Guðjónsson, 2016](#))

„Tuttugu tungumál í potti“ ([Matthías Tryggvi Haraldsson, 2016](#))

„The Outsiders: Ós Press Tackles The Icelandic Publishing Industry” [Aðkomufólkið: Ós Pressan tekst á við íslenska bókaútgáfu, þýðing höfundar] ([Björn Halldórsson, 2017](#))

„This is Ós. Ós Pressan continues to challenge what counts as ‘Icelandic literature’” [Þetta er Ós. Ós Pressan heldur áfram að ögra því hvað telst til íslenskra bókmennta, þýðing höfundar] ([Petzold, 2018](#))

„Bók sem er þakklætisgjöf til íslenskunnar” ([Kolbrún Bergþórsdóttir, 2021a](#))

„Raddir innflytjenda” ([Kolbrún Bergþórsdóttir, 2021b](#))

„Pólska bókmenntavorið runnið upp” ([Þorvaldur Sigurbjörn Helgason, 2022](#))

„Besta ljóðabók ársins er eftir skáld af erlendum uppruna” ([Ragnheiður Birgisdóttir, 2026](#)).

Af almennum fjölmiðlum hafa Ríkisútvarpið (RÚV) og menningarfréttadeildin á vefsíðu RÚV fjallað ítarlegast um fjöltyngda rithöfunda sem búa á Íslandi. Útvarpsþættir eins og „Orð um bækur” og „Bara bækur”, ásamt sjónvarpsþættinum „Kiljunni”, hafa veitt fjöltyngdum skrifum sérstaka athygli: ritdæmt bækur, sagt frá viðburðum og boðið höfundum að deila verkum sínum og ræða um þau. Fjölbreytileiki netgreina RÚV sem einnig fjalla um efnið endurspeglast í eftirfarandi völdum titlum:

„Bókmenntir í ljósi hreyfanleika“ ([Jórunn Sigurðardóttir, 2017](#))

„Húmor og bernska gegn stríði“ ([Jórunn Sigurðardóttir, 2019](#))

„Æskuminningarnar ásóttu hann í Reykjavík“ ([Kristján Freyr Halldórsson, 2019](#))

„Pólskir höfundar íslenskra bókmennta sækja fram“ ([Jórunn Sigurðardóttir, 2022](#))

„Eitt fyrsta skáldið af erlendum uppruna til að stíga fram með íslenska ljóðabók“ ([Júlía Aradóttir, 2023](#))

„Að lyfta upp áður óheyrðum röddum“ ([Anna María Björnsdóttir, 2023](#))

„Finna fyrir miklum áhuga á bókmenntum innflytjenda“ ([Anna María Björnsdóttir og Jóhannes Ólafsson, 2023](#)).

Þegar kemur að því að kynna bókmenntaverk á íslenskum viðburðum og hátíðum er fjöltyngdum höfundum ekki heldur gleymt. Undanfarin sex ár hefur **Bókmenntahátíð í Reykjavík** kynnt nokkra fjöltyngda höfunda, þar á meðal Maó Alheimsdóttur, Natöshu S., Ewu Marcinek, Mazen Maarouf, Joachim Schmidt og fleiri. Aftur á móti benda gögn til þess að smærri samfélagsdrifin verkefni einbeiti sér stundum fyrst og fremst að íslenskum höfundum og höfundum sem nota íslensku sem bókmenntamál. Til dæmis voru þrjátíu þátttakendur á **Nýársupplestrinum 2025** í Mengi í Reykjavík en enginn þeirra var af erlendum uppruna fyrir utan bandarískt gestaskáld. Þetta er í nokkurri andstöðu við ljóðaviðburðaröðina **Ljóð og vinir**, sem einnig var haldin í Mengi í Reykjavík, þar sem átta af 84 þátttakendum voru af erlendum uppruna á tólf viðburðum (frá júní 2023 til október 2025), sem er næstum tíu prósent.

Einstaka höfundar af erlendum uppruna fá einnig tækifæri til að vera fulltrúar Íslands á hátíðum, í keppnum og útgáfum erlendis. Meðal íslenskra skálda sem birtu efni í safnritinu *The Best Non-Required Nordic Poetry* árið 2021 voru Ewa Marcinek og Francesca Cricelli og árið 2023 Helen Hafgnýr Cova. Þetta er árlegt safnrit sem kynnir bestu ljóð ársins, valin af ungu ljóðaáhugafólki á Norðurlöndunum (Siercke o.fl., 2023, 2024). Árið 2022 voru verk eftir Elías Knörr og Ewu Marcinek valin í króatísku útgáfuna *Svjetlucaju ledene perle*, sem kynnir „tölf framúrskarandi íslenska rithöfunda, skáld og tilraunafólk þvert á kynslóðir og fjölbreytt tjáningarform“ (Sjón; Buljević, 2022), í umsjón íslenska skáldsins Sjóns. Árið 2023 var ljóð eftir Helenu Hafgný Cova valið sem fulltrúi Íslands í alþjóðlegu verkefni um menningarskjalasafn sem kallast *Lunar Codex* og var hluti af leiðangri NASA til norðausturhluta tunglsins. Sama ár valdi Rithöfundasamband Íslands Natöshu S. til að vera annar tveggja fulltrúa Íslands á hinni virtu Biskops Arnö vinnustofu. Nýjasta dæmið er *Slamovision 2025*, sem haldið var í Dublin, þar sem Marjón Poilvez flutti „Nobody’s dóttir“, ljóð sem blandar saman íslensku og ensku til að endurspegla þann tungumálaveruleika sem margt fólk sem flust hefur búferlum til Íslands deilir. Marjón Poilvez (höfundarnafn Marion) sigraði í *Ljóðaslammi 2025* sem haldið var á Borgarbókasafninu. Ljóðið heiðrar þá greind sem birtist í því sem mætti líta á sem „brotið“ mál og leggur áherslu á óreiðukennda og oft ruglingslega upplifun þeirra sem hingað flytjast búferlum af því að fóta sig í nýju lífi og nýju tungumáli.

Grasrótastarf og hagsmunagæsla

Í dag er almennt mælt með frumkvöðlastarfi sem leitt er af tilteknum hópi í samfélaginu sem áhrifaríkustu leiðinni til að efla sjálfræði og valdefla meðlimi hans (Khalatbari, 2024), sérstaklega þegar tekist er á við félagslega jaðarsetningu eða ójöfnuð. Þessi nálgun hefur einnig reynst árangursrík á Íslandi þegar kemur að fjöltyngdum skrifum. Grasrótastarf helst í hendur

við stuðning úr opinbera geiranum, svo sem með styrkjum frá sveitarfélögum og stuðningi bókasafna og menningarmiðstöðva. Bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni sýna verkefni eins og *R/VK Poetics*, Ós Pressan, *Write it Out* og *Bókmenntahátíðin á Flateyri* hvernig frumkvæði einstaklinga, með stuðningi opinberra sjóða og skipulags, getur skilað glæsilegum árangri og skapað sjálfbæran vettvang fyrir fjöltyngdar raddir. Í sameiningu hefur þessi starfsemi skapað einstakt umhverfi á Íslandi þar sem verk fjöltyngdra höfunda öðlast sýnileika og ná smám saman meiri skriðþunga. Eða, eins og Joachim B. Schmidt segir um rithöfunda af erlendum uppruna á Íslandi í ritgerð sinni „Umsókn hafnað“ (Joachim B. Schmidt, 2023):

[...]þeir líta á takmarkanirnar sem áskorun, varpa ljósi á samfélagið frá algerlega nýju sjónarhorni. Og þeir smíða brýr. Ég dáist að þeim kjarkmiklu kollegum mínum sem berjast fyrir sæti sínu innan vettvangsins og renna sjálfir út rauða dreglinum. Þeir eru brúarsmiðir og sægarpar. Þeir bera út hróður bókmenntanna.

Hins vegar er það svo að þegar ætlast er til þess að listamenn og höfundar taki að sér hlutverk skipuleggjenda eða talsmanna fyrir eigin samfélög fylgir því umtalsverð ábyrgð og vinnuálag sem oft leiðir til þess að þessir einstaklingar hafa minni tíma og orku fyrir sín eigin skapandi störf. Með tímanum geta þessar kröfur haft alvarlegar afleiðingar, þar á meðal kulnun, of mikla ábyrgðartilfinningu, félagslega einangrun og í alvarlegri tilfellum vaxandi vonbrigði eða tortryggni gagnvart samfélaginu og stofnunum þess. Hvað varðar hina fjöltyngdu bókmenntasenu á Íslandi vekur þetta fyrirkomulag upp tvær mikilvægar spurningar. Endurspeglar þetta skipulagslíkan, sem er leitt af rithöfundum, raunverulegan vilja höfunda til að standa fyrir og leiða slíka starfsemi, eða afhjúpar það frekar skort á menningarrýmum sem veita raunverulegan stuðning og eru inngildandi? Og ef hið síðarnefnda er rétt, hvaða aðgerða er þörf til að koma á sjálfbærari og réttlátari umgjörð til framtíðar?

5. Sjónarmið hagsmunaaðila

Í þessum hluta kynnum við algeng umræðuefni sem komu fram í viðtölum við rithöfunda og annað skapandi fólk, sem og sérfræðinga í bókmenntum og fjöltyngi á Íslandi. Þátttakendur mynduðu fjölbreyttan hóp skapandi einstaklinga. Sum voru vel þekkt í íslensku bókmenntalífi og höfðu hlotið viðurkenningu fyrir verk sín í formi útgáfusamninga, verðlauna og styrkja, á meðan aðrir viðmælendur töluðu um ritstörf eða aðra skapandi vinnu sem tómstundagaman eða áhugamál. Þeir sérfræðingar á sviði menningar sem tekin voru viðtöl við fyrir þessa rannsókn voru meðal annars rannsakendur og kennarar innan háskólanna auk fagfólks í menningargeiranum (t.d. verkefnastjórar). Við greindum eftirfarandi umræðuefni sem voru algeng í viðtölunum: „Tungumál og tilfinningar“, „innviðir fyrir höfunda af erlendum uppruna“,

„félagsleg tengslanet fyrir rithöfunda af erlendum uppruna“, „tækifæri á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið“, „stafræn tengslanet“, „hvað eru íslenskar bókmenntir?“, „nám í gegnum bókmenntir“ og „málstefna og stjórnmálaumræða um tungumál“. Sumar af beinu tilvitnununum sem fylgja með í textanum hér að neðan eru þýðingar höfunda úr ensku.

Tungumál og tilfinningar

Mörg þeirra sem við ræddum við töluðu um tilfinningalega þætti ritstarfa, þar á meðal að finnast þau tengd eða ótengd ákveðnum tungumálum, að finnast ákveðin tungumál einfaldlega „passa best“ í ákveðnu samhengi, án þess að það val væri skynsamlegt, og áskoranir og möguleika þess að vera skapandi á öðru, þriðja eða fjórða tungumáli sem þau lýstu sem leið til að yfirstíga þrýsting og neikvæða reynslu í tungumálanámi. Þau sem eru fjöltyngd byggja valið á því á hvaða tungumáli þau skrifuðu, eða eru skapandi á, oft á tilfinningum gagnvart ákveðnum tungumálum eða á tengslum sínum við þau. Eða eins og einn þátttakandi, íslenskt skáld, sagði: „Mér finnst kjánalegt að hugsa til þess að semja ljóð á ensku og ég ímynda mér að sumum líði eins þegar þeir hugsa um að skrifa á íslensku.“ Annar þátttakandi, tvítýngt skáld, útskýrði að hún hefði beðið með að gefa út þar til hún fann útgefanda sem samþykkti að gefa fyrstu bók hennar út sem tvítýngda útgáfu: „Mér fannst ég ekki geta gefið hana út í heiminum á aðeins einu tungumáli því hún þurfti að vera til í báðum útgáfum.“ Sami þátttakandi nefndi einnig að hafa tengst ungu íslensku skáldi sem valdi að skrifa á ensku og hefði útskýrt fyrir henni: „Íslenskan er of hörð; ég þarf að skrifa á öðru tungumáli.“ Einnig lagði viðmælandi okkar, sem samdi listræn verk á íslensku, ÍTM og ensku og skipti óaðfinnanlega á milli tungumála eftir atvikum í skapandi vinnu sinni, áherslu á þá tilfinningu að val á tungumáli væri ekki alltaf skynsamlegt heldur eitthvað sem henni einfaldlega „fannst rétt“ í ákveðnu samhengi. Einn þátttakandi lagði áherslu á nándina sem hún finnur fyrir þegar hún skrifar á móðurmáli sínu: „Að skrifa á móðurmáli mínu er eins og þráður sem tengir mig aftur við rætur mínar og uppeldi. En á sama tíma fannst mér ég vera að missa af öllum hópnum – félagslega þættinum – og á vissan hátt einangraði ég sjálfa mig.“

Þótt eigin reynsla þátttakenda af búferlaflutningum hafi í sumum tilfellum orðið innblástur skapandi iðkunar þeirra, lögðu aðrir höfundar af erlendum uppruna áherslu á að þótt þeir hafi flutt til annars lands kæmi þessi reynsla ekki fram í verkum þeirra á áberandi hátt eða, eftir að hafa í byrjun fjallað um flutning sinn sem þema í skrifum sínum, hafi orðið tilfærsla frá umfjöllun um búferlaflutninga yfir í skrif um önnur efni. Ísland og náttúra landsins hefur haft áhrif á skrif viðmælenda okkar og verið þeim innblástur. Þetta birtist oft í verkum höfunda af erlendum uppruna, jafnvel þegar bækur þeirra eru fyrst og fremst ætlaðar til útgáfu utan Íslands. Eða eins og einn þátttakandi, skáldsagnahöfundur sem hefur sest að á Íslandi og skrifar fyrir lesendur í heimalandi sínu, sagði: „Nú þegar ég er að vinna að þriðju bókinni minni, sem er enn á frumstigi, hef ég áttað mig á því að ég er enn og aftur að skrifa um Ísland.“ Þótt þessi

viðmælandi segi að sér líði ekki vel með að skrifa um Ísland frá sjónarhóli Íslendinga eða heimamanna, trúir hún á gildi þess framlags sem höfundar af erlendum uppruna geta lagt af mörkum: „Ég get boðið upp á sjónarhorn manneskju af erlendum uppruna, nýbúa, einhvers konar utanaðkomandi aðila, og á þann hátt uppgötvað fegurðina, einstakt útlit og hin hráu náttúruöfl Íslands á allt annan hátt en heimamenn því ég var alin upp annars staðar.“

Þeir þátttakendur sem kjósa að nota íslensku í skapandi vinnu sinni töluðu oft um þetta ferli sem tilraunastarfsemi, (endur)heimt eignarhalds og leyfis til að nota hana, og skapandi vinnu sína sem leið til að yfirstíga eða vinna gegn þeim þrýstingi sem þau, fólk með annað móðurmál, upplifðu til dæmis í formlegu tungumálanámi, svo sem á tungumálanámskeiðum. Einn þátttakandi sagði: „Ég fann fyrir miklum þrýstingi frá samfélaginu. Svo ég þarf bara að leika mér með tungumálið.“ Að vera skapandi á íslensku, deila verkum sínum og fá viðurkenningu var mikilvægt mótvægi við hversdagslega reynslu af því að nota íslensku sem annað mál og, eins og einn þátttakandi orðaði það, „að líða eins og barni sem er að tala“.

Viðtölin leiddu í ljós að tungumálanám og ritstörf reynast oft nátengd í skapandi iðkun höfunda af erlendum uppruna. Einn íslenskunemi nefndi það að skrifa „eitthvað langt“ (t.d. langa skáldsögu) á íslensku sem mikilvægt lífsmarkmið og sönnun þess að hafa náð tökum á tungumálinu. Það að læra nýtt tungumál var álitid efla sköpunargáfu og ímyndunarafl. Til dæmis sagði tvítýngt skáld sögu af því hvernig hún bjó til erótískt verk með því að endurvinnna mynd af *fiski-í-munni* úr ljóði Zbigniew Herbert, „Tungan“, og notaði í sinni útgáfu íslensk orð og íslenskan fisk. Ritlistarkennari talaði um hvernig það að vera skapandi á öðru tungumáli en sínu fyrsta máli gæfi „fólki frelsi til að endurskapa sig, verða einhver annar og læra þetta tungumál“ og hvernig nemendur upplifðu oft frelsi við það að skrifa skapandi texta á íslensku. Annar þátttakandi útskýrði að nemendur væru hvattir til að gera tilraunir með því að skrifa á öðru tungumáli en móðurmálinu til þess að eiga samskipti við önnur skáld og mynda sterkari tengsl við staðbundna lesendur. Fjöltýngdir höfundar lýstu því almennt að það að nota mörg tungumál væri bæði auðgandi og hvetjandi fyrir eigin skrif og uppspretta valdeflingar: „Nú finn ég ekki lengur þörf fyrir að réttlæta eða þýða allt; ég get einfaldlega skrifað á mismunandi tungumálum og verið sátt við það.“ Möguleikar fjöltýngdra skrifa voru dregnir saman í frásögn eins einstaklings, sem lýsti því af aðdáun „hversu margir litir eru í boði til að skreyta textann þegar unnið er með mismunandi tungumál“.

Innviðir fyrir rithöfunda af erlendum uppruna

Þótt tilraunir með íslensku sem annað mál hafi verið viðurkenndar sem auðgandi fyrir skapandi starf ræddu þátttakendur einnig um þær hindranir sem rithöfundar af erlendum uppruna standa frammi fyrir þegar þeir reyna að komast inn í íslenskt bókmenntalíf. Þær tengjast oft takmörkuðum innviðum og stuðningskerfum fyrir rithöfunda sem nota annað tungumál en

íslensku eða fólk sem notar óhefðbundin form tungumálsins í verkum sínum. Að skrifa á öðrum tungumálum en íslensku eða á óhefðbundinni íslensku takmarkar, samkvæmt frásögnum þátttakenda, möguleika þeirra á að fá verk sín gefin út og þar með að öðlast viðurkenningu fyrir þau. Eða, eins og einn þátttakandi orðaði það: „Það er erfitt að fá verk gefið út ef þú skrifar ekki á íslensku, eða jafnvel þótt þú skrifir á íslensku, og ef þú skrifar á brotinni íslensku.“ Annar þátttakandi sagði frá áskorunum sínum við að rata um íslenskan útgáfuheim sem nýliði: „Er möguleiki á að finna þýðanda? Er hægt að fá styrk? Þarf ég, þú veist, að leggja sparnaðinn minn til hliðar fyrir það? Það eru bara svo margar hagnýtar spurningar.“ Hún viðurkenndi að hún upplifði sig ráðvillta og að skrefin inn á útgáfumarkaðinn væru krefjandi fyrir rithöfund af erlendum uppruna.

Nokkrir þátttakendur, bæði kennarar og rithöfundar, nefndu skort á innviðum fyrir rithöfunda af erlendum uppruna (og skapandi fólk almennt). Þetta næði til menntunartækifæra og þátttöku rithöfunda af erlendum uppruna í íslensku bókmenntalífi en einnig aðgang að hagnýtum upplýsingum. Til dæmis talaði einn höfundanna sem býr utan höfuðborgarsvæðisins um ljósmyndaverkefni sem hún væri að vinna að og myndi ljúka með ljósmyndasýningu sem opin yrði almenningi. Hún hafði átt í erfiðleikum með að finna svör við spurningum sínum um höfundarrétt á Íslandi og hafði leitað til þess aðila sem ber ábyrgð á að styðja og ráðleggja innflytjendum í sveitarfélaginu. Hún fékk þó enga hjálp frá sveitarfélaginu því sá aðili sem hún hafði samband við, þótt vel væri að sér í málefnum innflytjenda, þekkti ekki til þeirra mála sem tengjast listum og sköpun. Þetta dæmi sýnir mikilvægi félagslegs tengslanets og tengiliða fyrir fólk sem starfar innan skapandi greina. Það myndi ekki aðeins leiða til samstarfs og tækifæra heldur gæti auk þess veitt aðstoð við að svara einföldum hagnýtum spurningum. Sumir viðmælendanna lofuðu þó íslenska styrkjakerfið. Rithöfundur sem býr í einum afskekktasta hluta Íslands fékk staðbundna styrki og ríkisstyrki til að koma á fót og þróa samfélagslegt ritlistarverkefni: „Tækifæri til að fá verulega fjárstyrki er eitthvað sem ég hef aldrei séð í heimalandi mínu. Margir vinir mínir [...] eru undrandi á því sem Ísland býður fólki af erlendum uppruna og nýliðum, fólki sem er rétt að byrja, sem er bara með hugmynd, ekki einu sinni mikla reynslu. Ísland leyfir þér að prófa, gera mistök og byggja upp verkefnið þitt án þess að fyrri þekking sé endilega til staðar.“

Hins vegar virtist vera munur milli staðbundinnar þekkingar og þekkingar á landsvísu. Sumir þátttakendanna sem voru vel tengdir í sínu nærsamfélagi (höfðu til að mynda þekkingu á innviðum og fjárhagslegum stuðningi í sínu sveitarfélagi) þekktu síður til stuðnings og innviða á landsvísu. Enn fremur reyndust skortur á tengiliðum og tungumálahindranir áskoranir þegar kom að því að nálgast upplýsingar um stuðningskerfi. Eins og einn einstaklingur búsettur á landsbyggðinni sagði: „Þú veist, ég veit bara um staðbundinn stuðning, svo ég þekki ekki stuðning á landsvísu. Svo ég missi af miklum upplýsingum vegna tungumálsins kannski eða [...] tengslanna.“

Undir umfjöllunarefninu „innviðir fyrir höfunda af erlendum uppruna“ kom í ljós flokkur sem tengist fjárhagsáhyggjum. Fjárhagslegur stuðningur var talinn lykilatriði þess að finna fyrir viðurkenningu og samþykki í íslensku bókmenntasamfélagi, bæði staðbundinn og á landsvísu. Sumir þátttakendanna lögðu áherslu á gott og árangursríkt samstarf við sveitarfélagið sitt, sem studdi skapandi starf þeirra. Einn þátttakandi sagði að aukning í fjöltyngdum útgáfum hefði víðtækari áhrif og endurspegladist til dæmis í úthlutunum listamannalauna. Þessi einstaklingur sagði: „það var fjölbreyttari hópur höfunda. Og auðvitað, eðlilega, endurspeglast það sem er í brennidepli í úthlutunum úr launasjóðnum og slíku. Þú veist, það er mjög sterkur vilji til að fá fleiri fjölbreyttar raddir hingað inn í íslenskt menningarlíf.“

Þátttakendur nefndu einnig breytingar á innviðum, til dæmis möguleikann á að fólk geti sótt um að vera í dómnefndum Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Einn þátttakandi sagði: „Íslensku bókmenntaverðlaunin voru áður svipuð ár eftir ár, en nú getur fólk óskað eftir að vera í nefndinni, og kannski er það að breyta einhverju.“ Þátttakendur veltu einnig fyrir sér gildi alþjóðlegra radda sem koma inn í íslenska bókmenntaheiminn. Eins og einn þátttakandi orðaði það er hætta á að menningarumhverfi rýrni þegar það er of einangrað og það hefur hag af því að bjóða fólki með ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn rými og vettvang – einstaklingum sem koma með fjölbreytt sjónarhorn og eru tilbúnir að deila hugsunarhætti sínum, skrifum og sköpun.

Félagsleg tengslanet fyrir rithöfunda af erlendum uppruna

Allir þátttakendur töluðu um mikilvægi félagslegra tengsla og stuðningsnets. Margir rithöfundanna sem rætt var við höfðu skapað sín eigin verkefni, til dæmis sagnasmiðjur, hátíðir og svo framvegis. Þetta kom ekki aðeins samfélögum þeirra til góða heldur upplifðu þessir einstaklingar viðurkenningu og þá tilfinningu að þeir væru að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Einn þátttakandi orðaði það svo: „Sterkasta tilfinningin er að vera viðurkennd, að vera tekið opnum örmum, og það er eitthvað sem ég vil líka gera fyrir aðra.“ Sami þátttakandi lýsti yfir ósk um sterkari tengsl við aðra og sagði: „Fyrir mig er nauðsynlegt að ná betri tengslum við annað fólk. Stundum finnst mér ég vera mjög einangruð.“ Annar þátttakandi sagði: „Ég ætlaði mér aldrei að skrifa á íslensku en ég vildi óska þess að ég hefði náð betri tökum á henni og verið virkari meðal íslenskra rithöfunda, ekki til að skrifa á íslensku, heldur einfaldlega til að vera með þeim og tala íslensku við þau.“ Einangrun frá ritlistarsamfélaginu er þó ekki alltaf vegna búferlaflutninga. Einn þátttakandi sagðist ekki hafa neinn til að tala við um skrif sín en lagði áherslu á að það hefði verið raunin bæði í heimalandi hennar og á Íslandi. Þessum þátttakanda fannst tengslanetið á internetinu gagnlegt til að deila upplýsingum um eigin skrif.

Fjöltyngda ritlistarsenan er orðin að öruggu rými fyrir suma höfunda af erlendum uppruna. Einn þeirra, tvítyngt skáld, orðaði það svona: „Fólk vissi aldrei almennilega hvar það átti að staðsetja

mig, þú veist, hvernig ætti að flokka mig, því ég var svo óhefðbundin. Vera mín á Íslandi, í hópi okkar alþjóðlegu rithöfunda, lét mér líða eins og ég ætti heima hérna, því við vorum öll frekar óhefðbundin.“ Einn þátttakandi sem hafði komið á fót samfélagsviðburði í heimabæ sínum lýsti ferlinu og mikilvægi samfélagsins sjálfs og þeim skorti sem hann skynjaði:

Það sem vantaði í raun og veru var ekki bara þetta rými fyrir einhvers konar aðrar raddir eða hvað sem það er. Það var einfaldlega ekkert pláss fyrir neinar raddir yfirleitt. Ég áttaði mig ekki á þessu fyrr en ég var með gesti hér frá öðrum borgum. Þá fer maður að hitta fólk í kaffi eða kvöldmat eða eitthvað. Þetta voru kannski erlendir höfundar og þeir spyrja: Hvar er ljóðasenan eða hvar er bókmenntasenan? Hvert fer ég til að hitta rithöfunda og hlusta á upplestra og slíkt? Og ég var auðvitað bara: þú ferð ekki neitt. Þú gerir ekki neitt því, þú veist, höfundar sitja heima og skrifa, og þeir þekkja hver annan, og þeir gætu birst á einhverjum upplestrum í kringum útgáfurnar sínar eða eitthvað. En það er engin sena hér. Það er ekki, þú veist, þú getur ekki bara gengið út frá því að á miðvikudögum getirðu farið þangað og eitthvað verði um að vera. Og svolítið byggt á þessu; við erum heldur ekki að þjónusta þessa bókmenntagrein á einhvern hátt. Við erum bara að reyna að gera eitthvað. En það kom í ljós að það var engin sena.

Tækifæri á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið

Þátttakendur utan höfuðborgarsvæðisins ræddu sérstaklega um skort á úrræðum og samfélagslegum tengslum. Þeir sögðu að flest tækifæri væru í Reykjavík. Skuldbindingar tengdar vinnu og fjölskyldu í heimabyggð, ferðakostnaður og skortur á ókeypis eða ódýrri gistingu í Reykjavík gerðu þessum rithöfundum erfitt fyrir að nýta sér slík tækifæri. Á einu svæði á landsbyggðinni hóf hópur kvenna að hittast, oft akandi langar vegalengdir milli lítilla afskekktra þorpa til að taka þátt í skapandi starfi. Frumkvöðullinn sjálfur, einn af þátttakendum okkar, sagðist hafa verið hissa á því hversu mikinn hljómgrunn þessi hugmynd fékk í samfélaginu. Annar þátttakandi byrjaði með staðbundinn hóp þar sem skrifað var í dagbækur. Þetta varð smám saman vinsæll samfélagsviðburður, einkum fyrir fjölmennningarlega íbúa á svæðinu, og breyttist í samfélagsmiðstöð: „Þetta snýst í raun meira um félagsleg tengsl og skrifin eru bara afsökunin sem leiðir fólk saman á þennan hátt.“

Stafræn tengslanet

Rithöfundar á öllum svæðum nota stafræna tækni sem leið til að hittast og tengjast öðru skapandi fólki en þau sem eru utan höfuðborgarsvæðisins reyndust nota netsamfélög sérstaklega til að tengjast. Sumir þátttakendur eiga samskipti við aðra rithöfunda erlendis í gegnum samfélagshópa

á netinu (t.d. á samfélagsmiðlum), oft við einstaklinga sem þeir þekkja ekki persónulega, á meðan aðrir nota samfélagsmiðla til að hittast og tengjast rithöfundum á Íslandi. Í einu tilviki leiddi þetta til samstarfs tveggja skapandi einstaklinga sem bæði bjuggu í afskekktu þorpi á landsbyggðinni. Fyrir einn þátttakanda urðu netsamfélög rithöfunda leið til að yfirstíga skort á tengslum við aðra einstaklinga með áhuga á skrifum, bæði í heimabyggð og við fólk í heimalandinu. Einn viðmælandi hrósaði erlendu netsvæði fyrir atvinnurithöfunda sem gerði henni, ungri móður búsettri á einum afskekktasta og dreifbýlasta hluta Íslands, kleift að læra og tengjast öðrum rithöfundum. Kennararnir sem rætt var við nota ýmis konar efni á netinu. ÍTM-kennarinn nefndi GoReact:

[...]forrit þar sem þú getur tekið upp sjálfan þig að tala táknmál. Nemendurnir taka sig upp og senda svo myndbandið til mín. Með GoReact get ég horft á upptökuna, spólað fram og til baka, spilað hana hægt og stöðvað myndbandið á nákvæmlega því augnabliki sem ég þarf að leiðrétta. Þetta er frábær tækni sem hjálpar nemendum að sjá hvar í myndbandinu ég leiðrétti þau og um hvað það snýst. Á upptökunni geta þau séð hvar í myndbandinu ég hef gefið þeim endurgjöf.

Hvað eru íslenskar bókmenntir?

Þátttakendur með innflytjendabakgrunn ræddu hvernig þeir staðsetja sig og kynna skapandi verk sín. Margir höfundanna sem tekin voru viðtöl við í þessari rannsókn veltu fyrir sér hvort best væri að lýsa eigin verkum sem „bókmenntum innflytjenda“, hvort þau væru hluti af „íslenskum bókmenntum“, hvort nota ætti annan merkimiða eða hvort þeir kysu að vera alls ekki settir í neinn flokk. Einn höfundur spurði, án þess að krefjast svars, „hvort það væri nauðsynlegt að tala um minnihlutahópa [rithöfunda] eða bara að tala um rithöfunda“, en komst síðar í viðtalinu að þeirri niðurstöðu að „það væri enn mikilvægt að tala um minnihlutahópa í þeim heimi sem við lifum í“. Einn rannsakandi sem talað var við hafði tekið viðtal við Mazen Maarouf, palestínsk-íslenskan höfund fæddan í Líbanon, sem að sögn viðmælanda okkar sagði að „[honum] þætti óviðeigandi að tala um bókmenntir innflytjenda, að það væri siðferðilega vafasamt“. Annar höfundur sagðist glíma við að öðlast faglegan trúverðugleika á Íslandi: „Það er erfitt að fá viðurkenningu þegar verk eftir þig hafa aðeins verið gefin út í þínu eigin landi. Þú getur kynnt þig sem rithöfund, þér kann að líða eins og sönnum rithöfundi, en enginn hefur lesið verkin þín.“ Hún viðurkennir að vegna tungumálahindrana finni hún fyrir tómleika gagnvart því að vita ekki hvernig hún eigi að deila verkum sínum með fólkinu í kringum sig, þar á meðal þeim sem standa henni næst: „Mér líður eins og ég sé „næstum því rithöfundur“ hér.“

Hugmyndin um íslenskar bókmenntir sem þær sem eingöngu væru skrifaðar á íslensku var véfengd í mörgum viðtalanna. Einn þátttakandi ræddi þetta með vísan til skapandi starfs þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli. Hann nefndi þá staðreynd að Íslendingar skrifuðu einnig á

ensku og hélt því fram að bókmenntir og önnur skapandi iðja á Íslandi hefði í raun alltaf verið fjöltyngd:

Milli áranna 2005 og 2015 tók ég eftir krökkum sem voru að skrifa textana sína á ensku. Eins og Alexander Dan [Vilhjálmsson], fantasíuhöfundur og skáldsagnahöfundur sem semur bækurnar sínar á ensku, þótt hann sé altalandi á íslensku. Lagasmiðir á Íslandi hafa lengi skrifað textana sína á ensku og sú grein hefur alltaf verið tvítyngd eða fjöltyngd á Íslandi. Að stundum værir þú að skrifa um eitthvað sem hljómaði undarlega á íslensku en miklu betur á ensku.

Einn þátttakandi sagði að áreiðanleiki væri lykilatriði fyrir þátttöku í íslensku bókmenntasenu og sagði að „ef maður vill verða hluti af íslensku bókmenntasenu þarf maður að geta tjáð sig á þann hátt að lesandinn skilji og trúi manni en samt vera trúr sjálfum sér“.

Fjöltyngd tjáning virðist draga úr spennunni milli þeirra íslensku og ó-íslensku bókmennta sem verða til á Íslandi. Einn af viðmælendum okkar komst þannig að orði: „Ég held að það skipti ekki máli á hvaða tungumáli þú skrifar. Þú ert alltaf að sækjast eftir þessari einbeitingu í tjáningunni [...] að sameina hljóm og hugsun [...] bókmenntamál sem okkur finnst vit í, sem við bara tengjum við.“ Sömu þátttakendur lögðu einnig áherslu á þann möguleika sem tjáning í gegnum bókmenntir getur haft til þess að efla félagsleg tengsl milli innfæddra og nýbúa á Íslandi: „Kannski getum við skrifað ljóð hvort til annars og, þú veist, tjáð tilfinningar okkar?“

Nám í gegnum bókmenntir

Í viðtölunum kom fram að skapandi skrif á mismunandi tungumálum og kynning á ólíkri menningu fælu í sér mikla möguleika fyrir samskipti milli menningarheima og aukinn skilning á ólíkri menningu. Einn kennari sagði: „Ef þú skilur menningu einhvers skilurðu viðkomandi og baráttu hans betur.“ Annar kennari tók fram að:

bókmenntir gæfu ákveðið tækifæri til að ræða um samfélagið á ákveðinn hátt, ekki endilega auðveldari en það er öðruvísi en að tala um það út frá, þegar þú ert að tala um skáldskap, þá ertu í aðeins öðrum gír, held ég. Samfélagið er líka eins og myndin sem við erum að teikna. Þú veist, má ég sýna þér myndina sem ég teiknaði? Og svo tölum við um myndina og ég veit fullvel að við erum að tala um sannleikann í hjörtum okkar.

Á sama hátt lýsti íslenskukennari því hvernig hún notar bókmenntir í námskeiðum sínum og styðst við fjölbreyttan texta – þar á meðal smásögur og blaðagreinar – til að kenna um íslenskt samfélag og menningu.

Einn viðmælandi lofaði einnig vinnusmiðjur í skapandi skrifum sem tæki til að draga úr kvíða tengdum tungumálanámi og hvatningu til sköpunar fremur en fullkomnunar þegar verið er að læra íslensku.

Að sögn eins viðmælanda okkar – rannsakanda í menntavísindum – nýtir hins vegar meirihluti kennara á Íslandi ekki til fulls möguleika fjöltyngis í kennsluháttum sínum. Margir kennarar vita ekki hvaða tungumál nemendur þeirra tala heima eða hvernig fella megi tungumálin inn í námsferlið á merkingarbæran hátt. Þá skortir kennara oft fullnægjandi stuðning í formi þjálfunar, kennslugagna, námsmatstækni og námsskráa sem eru sérsniðnar að nemendum sem læra íslensku sem annað mál. Viðmælandinn benti einnig á að þótt til séu sjónræn og tæknileg verkfæri sem styðja við fjöltyngt nám séu þau oft vannýtt vegna þess ófullnægjandi stuðnings og þjálfunar sem kennurum stendur til boða.

Málstefna og stjórn málaumræða um tungumál

Stefnumótun og stjórn málaumræða um tungumál, bæði í mennta- og menningargeiranum, sýna flókið samspil ríkjandi hugmyndafræði og nýs fjöltyngds veruleika. Einn viðmælanda okkar, fræðimaður á sviði menntavísinda, benti á að þótt opinber stefna á Íslandi styðji formlega fjöltyngi í menntun, segi framkvæmdin oft aðra sögu. Að hennar mati eru málstefnur á Íslandi sterkar á blaði en framkvæmdin ekki í samræmi við þær. Þrátt fyrir að aðalnámskrá styðji notkun og viðhald móðurmála og norræn menntastefna hvetji til náms í samfélags-, heims- og minnihlutamálum, endurspeglast þessar hugsjónir ekki alltaf í kennslustofunni. Áberandi skortur er á þjálfun og stuðningi við kennara sem takmarkar hagnýta notkun þessara stefna. Þar að auki geta sumar mótsagnir í stefnu stjórnvalda – sérstaklega varðandi hlutverk fjöltyngis í námi – skapað rugling og hindrað framfarir.

Rannsókn viðmælanda okkar sýndi að kennarar sem nýta fjöltyngda hæfni nemenda sinna sýna fram á kennslufræðilegt gildi fjöltyngis, en margir þessara kennara segjast finna fyrir óöryggi vegna samfélagslegra væntinga og þrýstings frá stofnunum sem hygla eingöngu kennslu sem fram fer á íslensku. Þessi spenna endurspeglar viðtækari hugmyndafræði um tungumál þar sem viðhorf þeirra sem aðhyllast hreina íslensku skarast á við nálgun sem er meira inngildandi eða þar sem meira umburðarlyndi er gagnvart því að nota ensku. Þótt stundum sé litið svo á að fjöltyngi og íslenskunám fari ekki saman getur þetta tvennt, að hennar mati, staðið samhliða og styrkt hvort annað. Rannsókn viðmælanda okkar sýnir að stuðningur við fjöltyngda starfshætti er breytilegur milli skóla og einstakra kennara, en snemmbær og viðvarandi hvatning frá kennurum gerir nemendur öruggari í fjöltyngi sínu. Nemendur noti íslensku í námi og atvinnulífi á sama tíma og þeir viðhaldi móðurmálum sínum sem eru þeim nauðsynleg verkfæri til að skapa sína eigin sjálfsmynd og upplifa að þeir tilheyri eigin menningarsamfélagi.

6. Þarfir og vankantar

- *Takmarkaðir innviðir fyrir rithöfunda sem ekki skrifa á íslensku til að mennta sig.* Í þessari skýrslu er bent á mörg tækifæri fyrir fjöltyngda höfunda; meirihluti tækifæranna er þó „í boði á íslensku, fyrir fólk sem skrifar á íslensku“.
- *Hindranir í útgáfu fyrir fjöltyngda höfunda.* Fjöltyngdir höfundar sem ekki skrifa á íslensku, eða telja íslenskukunnáttu sína ekki nægilega góða, hafa takmörkuð tækifæri til að fá verk sín gefin út á Íslandi.
- *Skortur á hagnýtum stuðningi við fjöltyngda höfunda.* Það getur verið áskorun fyrir höfunda sem flust hafa hingað búferlum að finna og skilja mikilvægar hagnýtar upplýsingar varðandi ritstörf, útgáfu, höfundarréttarlög og stuðningskerfi fyrir rithöfunda á Íslandi.
- *Skortur á aðgengilegum upplýsingum.* Erfitt er fyrir höfunda sem kunna litla íslensku að nálgast upplýsingar um útgáfutækifæri, styrki og samfélagsstarf.
- *Félagsleg einangrun frá rithöfundasamfélögum.* Sumir höfundar töldu að það væru ekki nægilega mörg rými fyrir fjöltyngda rithöfunda til að tjá sig og mynda tengsl við aðra rithöfunda; frekari samfélagsuppbyggingar væri þörf.
- *Landfræðilegur ójöfnuður varðandi tækifæri.* Skortur á stuðningi, samfélagi og upplýsingum – eða erfiðleikar við að finna og nálgast þær – er enn meiri fyrir höfunda sem búa utan höfuðborgarsvæðisins.
- *Ófullnægjandi viðurkenning stofnana á öðruvísi röddum.* Þrátt fyrir aukna viðurkenningu höfunda af erlendum uppruna endurspeglar birtingarmynd þeirra í tölulegum upplýsingum hvað varðar útgáfu og styrkveitingar, sem og aðrir mælikvarðar, ekki breyttar lýðfræðiupplýsingar á Íslandi.
- *Óljós flokkun.* Fjöltyngdir höfundar sem búa og skrifa á Íslandi eru skilgreindir sem alþjóðlegir höfundar af útgefendum, bókasöfnum og öðrum viðeigandi stofnunum, sem endurspeglar ekki sjálfsmynd þeirra.
- *Þrýstingur á að læra tungumálið.* Þótt þrýstingur á að læra íslensku geti leitt til tilraunastarfsemi, geta væntingar um íslenskukunnáttu á við „innfædda“ valdið því að sum hika við að deila verkum sínum.

- *Skortur á fullnægjandi kennaramenntun.* Ófullnægjandi kennsluefni, námskrár og matstæki fyrir nemendur með annað móðurmál skapar kerfisbundinn vanda þar sem viðurkenning á heimamáli er yfirleitt aðeins yfirborðskennd og sjaldan felld inn í kennsluhætti.
- *Skortur á sérstakri skrifstofu eða opinberum talsmanni fyrir fjöltyngda rithöfunda.* Þrátt fyrir einstakt framtak nokkurra stofnana og samtaka og viðvarandi stuðning, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, er engin stofnun sem ber formlega ábyrgð á að festa þennan stuðning í sessi eða viðhalda honum eða á stefnumótun þar að lútandi.
- *Styrkjakerfi hygla útgáfu á íslensku.* Opinber fjárhagsstuðningur í formi endurgreiðslu á hluta útgáfukostnaðar til útgefenda er takmarkaður við bækur á íslensku, sem leiðir til skorts á fjárhagslegum stuðningi við útgáfur á öðrum tungumálum og fjöltyngdar útgáfur sem gefnar eru út á Íslandi.

7. Tillögur

Í kjölfar greiningar okkar leggjum við fram eftirfarandi tillögur til að bæta stuðning við fjöltyngd skrif á Íslandi:

- *Efla námsframboð í fjöltyngdum skrifum.* Þróa námskeið sem bjóða velkomna rithöfunda sem skrifa á hvaða tungumáli sem er og byggja á farsælum fyrirmyndum sem greindar eru í þessari skýrslu.
- *Bjóða upp á markvissa hjálfun og úrræði fyrir kennara.* Þetta felur í sér þróun námsskráa, matstækja og kennsluefnis sem styður kennara í því að innleiða eiginleika tengda fjöltyngi í kennsluhætti sína.
- *Koma á fót sérstökum styrktarsjóðum.* Stofna styrktarsjóði eða skapa tækifæri þar sem sjónum er beint að fjöltyngdum bókmenntum og höfundum af erlendum uppruna og hvetja til þess að þessir einstaklingar verði hluti af bókmenntalandslaginu með framlagi sínu.
- *Þróa yfirgripsmikið efni.* Gefa út hagnýtt efni á mörgum tungumálum sem nær yfir ýmsa þætti skapandi starfs á Íslandi, þar á meðal höfundarrétt, útgáfuferli, styrki, tækifæri og ýmislegt fleira.
- *Koma á fót svæðisbundnum tengslanetum fyrir rithöfunda.* Styðja við svæðisbundnar ritlistarmiðstöðvar og tengslanet, þar á meðal staðbundnar bókmenntahátíðir, bókmenntastofur, vinnusmiðjur og annað framtak með úrræðum og fjármagni.

- *Styrkja stafræn tengslasvæði.* Efla netsamfélög og tækni sem nýst getur til að tengja saman landfræðilega dreifða höfunda og höfunda með aðrar aðgengisþarfir sem eiga þess ekki kost að hittast í eigin persónu.
- *Auka þátttöku útgefenda.* Hvetja fleiri útgáfufyrirtæki til að íhuga fjöltyngd verk, þýðingar og óhefðbundin íslensk skrif. Veita fjármagn til þýðinga á textum sem skrifaðir eru á Íslandi af höfundum sem ekki eru íslenskir að uppruna.
- *Skapa pláss fyrir fjöltyngdar raddir í menningarstefnum og starfsemi stofnana.* Tryggja að fjöltyngdar raddir séu hafðar með í þróun og við framkvæmd menningarstefnu; fjölga tækifærum höfunda af erlendum uppruna til að sitja í valnefndum fyrir styrki, verðlaun og útgáfur.
- *Stofna skrifstofu sem talar formlega fyrir og viðheldur stuðningi við fjöltyngda rithöfunda, eða fela verkefnið skrifstofu sem þegar er starfandi.* Formlegur og stefnumiðaður stuðningur stofnana myndi tryggja fjöltyngdu framlagi til bókmennta viðvarandi stuðning, samfellu og sýnileika og veita stefnumótandi leiðsögn.
- *Koma á fót kerfum fyrir handleiðslu og jafningjastuðning.* Standa áfram að umræðufundum, eins og þeim sem Rithöfundasamband Íslands býður upp á, í því augnamiði að mynda tengslanet milli fjöltyngdra höfunda á Íslandi og efla tilkomu kerfa fyrir handleiðslu og annan jafningjastuðning.
- *Þróa inngildandi flokkunarkerfi.* Höfundar sem búa og starfa á Íslandi ættu að vera flokkaðir sem íslenskir höfundar; þróa leiðbeiningar fyrir útgefendur, heildsala, bókabúðir, bókasöfn og aðra sem eru inngildandi og endurspeglar þetta flokkunarkerfi.
- *Styðja við stafræna samþættingu.* Nýta stafræn verkfæri og miðla til að auka sýnileika fjöltyngdra skrifa.
- *Koma á fót verkefnum til kynningar og þekkingarmiðlunar.* Þróa inngildandi umgjörð innan bókmennta- og listastofnana sem viðurkennir og styður við tilvist fjöltyngdra höfunda og framlag þeirra til bókmennta.
- *Brúa bilið milli ritlistarsamfélaga.* Koma á fót og veita þeim samstarfsverkefnum stuðning sem ýta undir skoðanaskipti, gagnkvæman skilning og félagsleg tengsl milli höfunda sem skrifa á móðurmáli sínu og fjöltyngdra höfunda.
- *Gera hæfisskilyrði viðtækari svo þau nái til fleiri tungumála en þeirra sem eru ríkjandi.* Tryggja sanngjarna úthlutun styrkja og skipan fulltrúa í stuðningsáætlunum.

8. Niðurstöður

Þessi rannsókn varpar ljósi á vaxandi fjöltyngdan og fjölmennningarlegan veruleika innan íslenskra bókmennta og undirstrikar bæði skapandi möguleika og kerfisbundnar áskoranir sem því fylgja. Fjöltyngdir rithöfundar á Íslandi, hvort sem þeir eru af erlendum uppruna, nota ÍTM eða flakka á milli margra tungumála vegna eigin lífsreynslu, auðga menningarlífið verulega – en þessir höfundar standa einnig frammi fyrir kerfisbundnum hindrunum sem takmarka viðurkenningu, þátttöku og sjálfbærni þeirra á þessu sviði.

Í viðtölum okkar við rithöfunda, kennara, verkefnastjóra og fjöltyngda sérfræðinga er bent á djúpstæð tilfinningaleg og málfræðileg lög sem hluta af ferlinu við að skapa og læra. Hvaða tungumál verður fyrir valinu við skrif og í námi fer oft ekki eftir hagnýtum ástæðum heldur tilfinningalegri tengingu, menningarlegum hljómgrunni eða persónulegri sögu viðkomandi. Þótt margir höfundar líti á skapandi skrif sem vettvang þar sem viðkomandi hefur frelsi til að endurheimta og gera tilraunir með íslensku eða önnur tungumál, geta væntingar um hvað er málfræðilega „rétt“ og um færni á við innfædda leitt til þess að þessir höfundar séu hikandi, verði fyrir útilokun eða fari að ritskoða sig.

Á sama tíma er sýnilegt bil á milli hins lifandi sköpunarkrafts sem þrífst innan grasrótarinnar og þeirra stofnana sem eru til staðar til að styðja við hann. Þátttakendur bentu á takmarkað framboð námskeiða fyrir rithöfunda og skapandi fólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli, hindranir við útgáfu verka á öðrum tungumálum en íslensku, eða á óhefðbundnu formi tungumálsins, og hagnýtar áskoranir við að afla sér upplýsinga um höfundarrétt, styrkjakerfi og aðra grundvallarþætti innan þessa skapandi vistkerfis. Jafnvel þegar stefna styður fjöltyngi og menningarlega fjölbreytni með formlegum hætti skortir oft á framkvæmdina. Þær stefnur sem eru til staðar taka ekki sérstaklega á fjöltyngdum framlögum til bókmennta. Kennarar og starfsfólk innan menningargeirans glímur við skort á þjálfun, verkfærum og úrræðum til að takast á við fjöltyngdan veruleika á markvissan hátt. Afleiðingin er sú að fjöltyngi er frekar viðurkennt í orði en á borði.

Áhyggjur af aðgangi að upplýsingum og félagslegum tengslum komu einnig endurtekið fram. Rithöfundar ræddu um skort á aðgengilegum upplýsingum um útgáfu- og styrktarmöguleika, sérstaklega fyrir einstaklingasem ekki hafa góða kunnáttu í íslensku, eða þekkingu á því hvernig menningargeirinn starfar. Önnur upplifðu sig einangruð frá ritlistarsamfélögum – sérstaklega utan Reykjavíkur – og óskuðu eftir félagslegu og faglegu rými sem væri meira inngildandi. Mörg höfðu sjálf hrundið af stað verkefnum, á netinu eða á staðnum, en þessar tilraunir skortir kerfisbundinn stuðning eða sýnileika. Munurinn á tækifærum á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu er sérstaklega áberandi og undirstrikar þörfina fyrir dreifðara og réttlátara stuðningsnet.

Flókin mál tengd flokkun og viðurkenningu komu einnig fram. Útgefendur, bókasöfn og styrktarsjóðir flokka marga fjöltyngda rithöfunda sem „erlenda“ höfunda, þrátt fyrir að viðkomandi höfundar séu rótgrónir í íslensku samhengi. Þetta skapar misræmi milli sjálfsmýndar þeirra sem listafólks og birtingarmyndar þeirra innan stofnana. Á sama tíma heldur hliðvarsla í bókmenntaheiminum áfram að hygla eintýngdum eða stöðluðum íslenskum verkum, jafnvel þótt margir íslenskir höfundar skrifi einnig á öðrum tungumálum, þar á meðal ensku. Einn viðmælandi orðaði þetta þannig að íslenskar bókmenntir hafi lengi verið fjöltyngdar en fjöltyngdar bókmenntir séu þrátt fyrir það ekki að fullu viðurkenndar í ráðandi frásögnum eða útgáfuvenjum.

Að lokum renna niðurstöður okkar stoðum undir brýna þörf fyrir aukinn kerfisbundinn stuðning. Hagsmunaaðilar lögðu áherslu á að fjármögnun, sýnileiki, handleiðsla og þátttaka yrði að ná lengra en að vera táknrænar birtingarmyndir. Það sem þarf er viðvarandi kerfisbundinn stuðningur: sérstakar fjöltyngdar námsáætlanir, inngildandi kennslutækni, fjármögnunarleiðir þar sem málfræðileg og menningarleg fjölbreytni er í forgangi og úrræði með yfirgripsmiklum upplýsingum um hagnýta þætti tengda listsköpun á Íslandi. Kennarar og skólar ættu að gegna lykilhlutverki með því að styðja við fjöltyngda sköpun og skrif, bæði á opinberum tungumálum og þeim tungumálum sem töluð eru á heimilum nemendanna, hjálpa þeim að ná sem bestum árangri í listsköpun sinni og styðja þá nemendur sem eiga á hættu að verða fyrir jaðarsetningu félagslega. Útgefendur og menningarstofnanir verða að viðurkenna fjöltyngda höfunda sem fullgilda þátttakendur í íslenskum bókmenntaheimi og kynna sér af fullum þunga verk þeirra sem hluta af þróun menningararfleifðar þjóðarinnar. Fyrsta skrefið til að tryggja viðvarandi stuðning við fjöltyngd skrif á Íslandi ætti að vera bein umfjöllun í stefnu opinberra menningarstofnana um fjöltyngd framlög til bókmennta, ásamt því að tilnefna ákveðna skrifstofu sem ber ábyrgð á þessum málaflokki.

Þegar horft er fram veginn má benda á að hægt er að nýta bókmenntir og menntun til að takast á við þær áskoranir sem dregnar eru fram í þessari skýrslu og eru til staðar á Íslandi. Bókmenntir skapa vettvang þar sem fjöltyngi er styrkur, menningarheimar tengjast, mismunandi sjónarhornum er miðlað og hvatt til þátttöku allra. Þegar skólar flétta skapandi skrif inn í kennslustundirnar verður umhverfið meira inngildandi og styður nemendur með annað móðurmál en íslensku betur. Þetta hjálpar öllum nemendum, ekki síst þeim sem hafa flust hingað búferlum, að finna að þeir séu sýnilegir og metnir að verðleikum. Þegar mennta- og menningarstofnanir viðurkenna og styðja við sögur á mörgum tungumálum hjálpar það til við að gera fjölbreytni í máli eðlilega og viðurkennda, auk þess sem það eflir þá upplifun allra íbúanna að tilheyra samfélaginu. Þannig geta bókmenntir þjónað tvíþættum tilgangi: sem tæki til að mynda félagsleg tengsl í námi og sem leið til að byggja upp sterkari samfélög. Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir menningarlegan auð að styðja við fjöltyngdar raddir í skólunum og innan bókmenntasennunar á Íslandi heldur er það nauðsynlegt fyrir sjálfbæra þróun íslensks samfélags.

Heimildaskrá

Althingi. 2009. *Lög um listamannalaun nr. 57/2009*.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2009057.html> (Sótt 7. mars, 2026)

Althingi. 2011. *Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/ 2011*.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011061.html> (Sótt 7. mars, 2026)

Althingi. 2024. *Pingskjal 1387/2024. Tillaga til þingsályktunar um bókmenntastefnu fyrir árin 2025-2030*. <https://www.althingi.is/altext/154/s/1387.html>. (Sótt 13. apríl, 2026)

Althingi. 2024-2025. *Pingskjal. 267/2024–2025. Tillaga til þingsályktunar um bókmenntastefnu fyrir árin 2025-2030*. <https://www.althingi.is/altext/155/s/0267.html>. (Sótt 7. mars, 2026)

Angela Rawlings, Lara W. Hoffmann og Randi W. Stebbins. 2020. „Multilingual writing in Iceland: The reception of Ós Pressan and its members nationally and internationally.” *Milli mála*, 12, 191–220. <https://doi.org/10.33112/millimala.12.7> (Sótt 7. mars, 2026)

Anna Dagmar Daniélsdóttir, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Persónuleg samskipti, 13. mars, 2026.

Anna María Björnsdóttir. 2023, 1. júní. *Lyfta upp áður óheyrðum röddum*. RÚV.

<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/2023-06-01-lyfta-upp-adur-oheyrdu-rodum> (Sótt 13. apríl, 2026)

Anna María Björnsdóttir og Jóhannes Ólafsson. 2023, 14. september. *Finna fyrir miklum áhuga á bókmenntum innflytjenda*. RÚV.

<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/2023-09-14-finna-fyrir-miklum-ahuga-a-bokmenn-tum-innflytjenda-391481> (Sótt 13. apríl, 2026)

Anna Valdís Kro. 2023. *Hvað er þetta VV? Hvernig lýsa döff þátttakendur á námskeiðum í gerð VV sagna þeim?* Reykjavík. <https://hdl.handle.net/1946/43084> (Sótt 7. mars, 2026)

Birgir Olgeirsson. 2017, 6. janúar. „Þessi fá listamannalaun árið 2017.” *Vísir*.

<https://www.visir.is/g/2017470332d/thessi-fa-listamannalaun-arid-2017> (Sótt 7. mars, 2026)

Borgarbókasafn Reykjavíkur. *Kærleiksorðræða*. <https://borgarbokasafn.is/en/kaerleiksordraeda> (Sótt 7. mars, 2026)

Björn Halldórsson. 2017, 31. júlí. „The Outsiders: Ós Press Tackles The Icelandic Publishing Industry.” *The Reykjavík Grapevine*.

<https://grapevine.is/news/2017/07/31/the-outsiders-os-press-tackles-the-icelandic-publishing-industry/> (Sótt 7. mars, 2026)

Catherine Magnúsdóttir. 2024, 24. desember. „Beating the blank page.” *The Reykjavik Grapevine*. <https://grapevine.is/mag/interview/2024/12/24/beating-the-blank-page/> (Sótt 7. mars, 2026)

Félag heyrnarlausra. 2025. *Icelandic Sign Language*. <https://www.deaf.is/english/icelandic-sign-language/> (Sótt 7. mars, 2026)

Félag íslenskra bókaútgefenda. 2024. *Bókatiðindi* [42kmg59jypcc86skngsup8bx69eq](https://www.fibut.is/index.php/um-felagidh/felagatal). (Sótt 25. júní, 2025)

Félag íslenskra bókaútgefenda. 2024. *Félagatal*. <https://www.fibut.is/index.php/um-felagidh/felagatal> (Sótt 25. júní, 2025)

Gjessing, Signe; Eric, Caspar; Stochholm, Nicolaj; Holmegaard, Luka; Wiese, Duncan (ritstj.). 2024. *Solen som sover – Nordens Allerbedste Pensumløse Poesi 2023*. Copenhagen: Ordskælv.

Gunnarsstofnun. *Að tilheyra engum bókmenntum*. <https://www.skriduklaustur.is/is/?view=article&id=575> (Sótt 7. mars, 2026)

Gunnþórunn Guðmundsdóttir. 2025. „Skrifað í nýju landi”. *Ritið*, 1.tbl. 25. árg. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/265/242> (Sótt 7. mars, 2026)

Hagstofa Íslands. 2024. *Increasing number of foreign pupils in compulsory schools*. <https://www.statice.is/publications/news-archive/education/pupils-in-compulsory-schools-2023/> (Sótt 7. mars, 2026)

Hagstofa Íslands. 2025. *Immigrants 18.9% of the population of Iceland*. <https://www.statice.is/publications/news-archive/inhabitants/population-by-origin-1-january-2025/> (Sótt 7. mars, 2026)

Hagstofa Íslands. 2026. *Sveitarfélög og byggðakjarnar*. <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/> (Sótt 12. mars, 2026)

Helen Hafgnýr Cova. 2023. „Hlutverkaleikir.” Í *Skáldreki: ritgerðasafn höfunda af erlendum uppruna*, Natasha S. og Ewa Marcinek (ritstj.). Reykjavík: Una útgáfuhús.

Joachim B. Schmidt. 2023. „Umsókn hafnað.” Í *Skáldreki: ritgerðasafn höfunda af erlendum uppruna*, Natasha S. og Ewa Marcinek (ritstj.). Reykjavík: Una útgáfuhús.

- Jórunn Sigurðardóttir. 2017, 6. júní. *Bókmenntir í ljósi hreyfanleika*. RÚV.
<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/bokmenntir-i-ljosi-hreyfanleika> (Sótt 13. apríl, 2026)
- Jórunn Sigurðardóttir. 2018, 21. janúar. *Humor og bernska gegn stríði*. RÚV.
<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/humor-og-bernska-gegn-stridi-0> (Sótt 13. apríl, 2026)
- Jórunn Sigurðardóttir. 2022, 15. mars. *Pólskir höfundar íslenskra bókmennta sækja fram*. RÚV.
<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/2022-03-15-polskir-hofundar-islenskra-bokmennta-saekja-fram> (Sótt 12. apríl, 2026)
- Júlía Aradóttir. 2023, 16. mars. *Eitt fyrsta skáldið af erlendum uppruna til að stíga fram með íslenska ljóðabók*. RÚV.
<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/2023-03-16-eitt-fyrsta-skaldid-af-erlendum-uppruna-til-ad-stiga-fram-med-islenska-ljodabok> (Sótt 13. apríl, 2026)
- Khalatbari, Armita. 2024. „The potential of community-led development initiatives for addressing urban inequality: Strategies and challenges of successful models in practice.” *International Journal of Architecture and Planning* 4(1): 13–24. <https://doi.org/10.51483/IJARP.4.1.2024.13-24> (Sótt 7. mars, 2026)
- Kolbrún Bergþórsdóttir, 2021, 18. júní. „Bók sem er þakklætisgjöf til íslenskunnar.” *Fréttablaðið*.
<https://timarit.is/page/7511981?iabr=on#page/n29> (Sótt 7. mars, 2026)
- Kolbrún Bergþórsdóttir, 2021b, 8. desember. „Raddir innflytjenda.” *Fréttablaðið*.
<https://timarit.is/page/7563832#page/n31/mode/2up> (Sótt 7. mars, 2026)
- Kristján Freyr Halldórsson. 2019, 9. mars. *Æskuminningarnar ásóttu hann í Reykjavík*. RÚV.
<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/aeskuminningarnar-asottu-hann-i-reykjavik> (Sótt 13. apríl, 2026)
- Kristján Guðjónsson. 2016, 6. maí. „Fjölmála skáldasamfélag.” *Dagblaðið Vísir - DV*. 35. tölublað.
<https://timarit.is/page/6864606?iabr=on#page/n29/mode/2up/search/%22Fj%C3%B6lm%C3%A1la%20sk%C3%A1ldasamf%C3%A9lag%22> (Sótt 27. nóvember, 2025)
- Marcatili, Christopher. 2024. „Embracing Icelandic Language: My Experience at Rótarskot” *Christopher Marcatili*.
<https://christophermarcatili.substack.com/p/embracing-icelandic-language-my-experience> (Sótt 7. mars, 2026)

Matthías Tryggvi Haraldsson. 2016, 29. júlí. „Tuttugu tungumál í potti.” *Morgunblaðið*. 176. tölublað. <https://timarit.is/page/6782122#page/n29/mode/2up> (Sótt 7. mars, 2026)

Menningar - og viðskiptaráðuneytið. 2024. *Auglýsing: Gjaldskrá Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra 790/2024*.
<https://island.is/stjornartidindi/nr/c64b554d-31e8-470b-aa36-05f6eaf3e6b9> (Sótt 17. mars, 2026)

Miðstöð íslenskra bókmennta. 2007. *Lög um bókmenntir*. <https://islit.is/log/> (Sótt 7. mars, 2026)

Miðstöð íslenskra bókmennta. *Styrkir*. <https://islit.is/styrkir/> (Sótt 7. mars, 2026)

Morgunblaðið. 2019, 15. mars. „Mazen á langlista Booker.”
https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1716895%2F%3Ft%3D529364767&page_name=grein&grein_id=1716895 (Sótt 25. nóvember, 2025)

Natasha S. og Ewa Marcinek (ritstj.). 2023. *Skáldreki: ritgerðasafn höfunda af erlendum uppruna*. Reykjavík: Una útgáfuhús.

Natasha S. (ritstj.). 2021. *Pólífónía af erlendum uppruna*. Reykjavík: Una útgáfuhús.

Ós Pressan. *Becoming Us*. <https://www.ospressan.com/a-vera-vi> (Sótt 13. apríl, 2026)

Petzold, Eli. 2018, 5. desember. „This is Ós: Ós Pressan Challenges What Counts As ‘Icelandic literature’.” *The Reykjavík Grapevine*.
<https://grapevine.is/news/2018/12/05/this-is-os-os-pressan-challenges-what-counts-as-icelandic-literature/> (Sótt 7. mars, 2026)

Ragnheiður Birgisdóttir. 2026, 7. janúar. „Besta ljóðabók ársins er eftir skáld af erlendum uppruna.” *Morgunblaðið*.
https://www.mbl.is/menning/baekur/2026/01/07/besta_ljodabok_arsins_er_eftir_skald_af_erlendum_up/ (Sótt 13. apríl, 2026)

Rannís, Rannsóknarmiðstöð Íslands. *Artists' Salary Fund*.
<https://en.rannis.is/funding/art-culture/artists-salary-fund/> (Sótt 3. júlí, 2025)

Rannís, Rannsóknarmiðstöð Íslands. 2025. *Úthlutanir*.
<https://www.rannis.is/sjodir/menning-listir/starfslaun-listamanna/uthlutanir/> (Sótt 7. mars, 2026)

Reykjavíkurborg. Mannréttindaskrifstofa. 2016. *Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*.
https://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_rvk_efnisyfirlit.pdf (Sótt 7. mars, 2026)

Reykjavíkurborg. Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar. 2021a. *List og menning í Reykjavík 2030: Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2021–2030*.

https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-11/list_og_menning_i_reykjavik_2030_-_menningarstefna_reykjavikurborgar_2021-2030.pdf (Sótt 7. mars, 2026)

Reykjavíkurborg. Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar. 2021b. *List og menning í Reykjavík 2030: Aðgerðaaætlun menningarstefnu 2021–2023*

https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-12/adgerdaaaetlun_menningarstefnu_2021-2023.pdf (Sótt 7. mars, 2026)

Rithöfundasamband Íslands. *Félagatal*. <https://rsi.is/felagatal/> (Sótt 22. júlí, 2025)

Rithöfundasamband Íslands. *Starfsstýrkur – reglur*. <https://rsi.is/styrkir/starfsstyrkir-reglur/> (Sótt 6. júlí, 2025)

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. 2021. *Ársskýrsla 2021*.

https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2VVqVCzCokTNbWxqruWcTt/c655d3580b06307daa59b44ef4b17f4b/_rsk_rsla_2021__3_.pdf (Sótt 7. mars, 2026)

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. 2025. 2. júní. *Lokað fyrir endurgjaldslausa tulkabjónustu út júní*.

<https://island.is/s/shh/frett/lokad-fyrir-endurgjaldslausa-tulkathjonustu-ut-juni> (Sótt 7. mars, 2026)

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. *Táknmálsrannsóknir*.

<https://island.is/s/shh/taknmalsrannsoknir> (Sótt 7. mars, 2026)

Siercke, Karen, Sunna Dís Másdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Eriksson, Evelina; Almgren, Hanna; Geist, Emilie Sagen; Rosendal, J. A. (ritstj.). 2024. *Solen som sover – Nordens Allerbedste Pensumløse Poesi 2023*. Copenhagen: Ordskælv.

Sjón; Buljević, Miljenka (ritstj.). 2022. *Svjetlucaju ledene perle: Revija malih književnosti – Island*. Zagreb: Booksa.

Stjórnarráð Íslands. *Þróunarsjóður innflytjendamála*

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/ad-flytja-til-islands/throunarsjodur-innflytjendamaala/> (Sótt 7. mars, 2026)

Vestfjarðastofa. *Uppbyggingarsjóður Vestfjarða*

<https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/soknaraaetlun/uppbyggingarsjodur> (Sótt 7. mars, 2026)

Wikipedia. 2025. *Languages of Iceland*. https://en.wikipedia.org/wiki/Languages_of_Iceland (Sótt 7. mars, 2026)

Þorvaldur Sigurbjörn Helgason. 2022, 12. mars. „Pólska bókmenntavorið runnið upp.” *Fréttablaðið*. <https://timarit.is/page/7630081?iabr=on#page/n103/mode/2up> (Sótt 7. mars, 2026)

Skilmálar

Þessi skýrsla er fjármögnuð af Evrópusambandinu. Þær skoðanir og viðhorf sem koma fram eru þó eingöngu höfundanna sjálfra og endurspeгла ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (RANNÍS). Hvorki Evrópusambandið né RANNÍS bera ábyrgð á þeim.

Þessi skýrsla er hluti af *Multilingual Writing LAB*, litlu samstarfsverkefni sem styrkt er af Erasmus+ og þróað á tímabilinu febrúar 2025 til maí 2026 í samvinnu Ós Pressunnar (Ísland) og Red Door (Danmörk), með stuðningi frá landsskrifstofu Erasmus+: RANNÍS (Rannsóknarmiðstöð Íslands), Bókmenntaborginni og Örvari, styrktarsjóði menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins.

Ef nánari upplýsinga er óskað, vinsamlegast hafið samband með því að senda tölvupóst á ospressan@gmail.com / www.ospressan.com.